


HELGI

ÍSALP



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLUBBSINS 1986



Bakpokar í miklu úrvali



ÚTILÍF $\frac{H}{F}$

GLÆSIBÆ - SÍMI 82922
104 REYKJAVÍK

Efnisyfirlit

Einu sinni var	6
Tatras	10
Skarðshorn í vetrarham	12
Ísaxir, fyrr og nú	15
Í leit að sól og stuttbuxnafæri ..	18
Yuraq Jança	22
Leiðarvísir: Stardalur	27
Fjallgönguskíðun eða Alpin	
Touring	39
Ekki hættur: Viðtal við Magnús	
Hallgrímsson	44
Vetrarferðir	50
Bréf til ritnefndar	51
Fréttapistill	52
Tækjahornið	57
Nýjungar sem nýtast í ísklifri ..	60
Lög ÍSALP	61
Félagsstarfið 1985	62
Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1985	64
Ársreikningar ÍSALP	65

Forsíðumynd tók Páll Sveinsson í klettunum við Munkaþverá í Eyjafirði. Broddi Magnússon er að klifra Flögu-tex í ofanvaði.

ÚTGEFANDI:

Íslenski Alpaklúbburinn — Félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku
Pósthólf 4186, Reykjavík.

RITNEFND:

Kristinn Rúnarsson, ábm. (18346)
Björn Vilhjálmsson (36653)
Magnús Guðmundsson (26357)
Margrét Júlíusdóttir (34667)
Salbjörg Óskarsdóttir (641702)
Þorsteinn Guðjónsson (32666)

SETNING:


Ljóshnit

UMBROT OG FILMUVINNA:

Offsetvinnustofan REPRÓ

PRENTUN:

Formprent



ÁRSRIT ÍSLENSKA
ALPAKLÚBBSSINS
2. TÖLUBLAÐ
JÚLÍ 1986

Frá ritnefnd

Kæri lesandi

Fegurð, kyrrð og ró eru hugtök sem oft eru tengd fjöllum og frjálsri náttúru. Þótt vindar blási og stormar geysi þá bera þeir alltaf með sér andblæ hins hreina og tæra. Jafnvel hinir hörðustu vetrarbylir hafa ímynd einhvers dularfulls og stórkostlegs.

Þrátt fyrir alla þá breyskleika sem manninn hrjá, tekst honum oft furðu vel að sameinast landinu - verða eitt með náttúrunni. Þetta gildir einnig um fjallamenn.

Við segjum: Fjallamenn látum ekki metnaðargirnd og hroka blinda okkur. Í gegnum aldirnar hafa menn farið til fjalla til að hreinsa sálu sína, látum svo vera enn.

Í hvert skifti sem við förum á fjöll, þá reynum við að koma sem betri manneskjur til baka.

Vökul augu „Hins Mikla Fjallaanda“ munu sjá til þess að okkur verði umbunað.

Verið heil og sæl, og góða ferð á fjöll.

F. hönd ritnefndar

Þorsteinn Guðjónsson.

STJÓRN ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon (77753)
Varaform.: Torfi Hjaltason (667094)
Gjaldkeri: Guttormur Þórarinnsson (22712)
Ritari: Björn Vilhjálmsson (36653)
Meðstj.: Jón Geirsson (42133)
Varamenn: Páll Sveinsson (666703)
Salbjörg Óskarsdóttir (641702)

FERÐA- OG FUNDANEFND:

Guðjón Ó. Magnússon, form.
Jón Geirsson
Páll Sveinsson

FRÆDSLUNEFND:

Torfi Hjaltason, form.
Jón Geirsson
Snævarr Guðmundsson (688412)

HÚSNEFND:

Björn Vilhjálmsson, form.
Finnbogi Rögnvaldsson
Halldór Guðmundsson (686090)

UPPSTILLINGANEFND:

Björn Vilhjálmsson, form.
Ari T. Guðmundsson (35904)
Snævarr Guðmundsson

SKÁLANEFND:


Guttormur B. Þórarinnsson, form.
Guðjón Ó. Magnússon
Jón Geirsson
Jón H. Ólafsson (36082)
Jón Rafnsson (79605)

BÓKAVÖRÐUR:

Halldór Guðmundsson




SKEMMTILEGIR OG FRÆÐANDI FERÐAFÉLAGAR




FRÆÐSLURIT FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Með útgáfu þessara bóka færir félagið út kvíarnar og eykur fjölbreytni í starfsemi sinni. Ætlunin er að gefa út eitt fræðslurit árlega. Þar verður fjallað í stuttu máli og á aðgengilegan hátt um ýmiss konar efni er lúta að náttúrufyrirbærum og ferðalögum á landi hér.



ÞAÐ ER ALLTAF FJÖR Í BSÍ-FERÐUM



Vissir þú, að HRINGMIÐI og TÍMAMIÐI eru lykillinn að ódýru og skemmtilegu ferðalagi um Ísland.

Og fyrir þá sem leigja vilja HÓPFERÐABÍLA þá bjóða BSÍ-HÓPFERÐABÍLAR uppá margar stærðir bíla til fjallaferða, sem taka frá 12 upp í 60 manns.

Í bílaflota okkar eru lúxus innréttaðir bílar með videótæki og sjónvarpi og allt þar á milli.

Láttu okkur gera tilboð sem þú getur ekki hafnað.



BSÍ Hópfærðabílar

Umferðarmiðstöðinni
Reykjavík
Símar 22300 – 25035



Ferðaskrifstofa BSÍ

Umferðarmiðstöðinni
Reykjavík
Sími 22300

Einu sinni var

EFTIR JÓN GEIRSSON



Suðurhlíð Hrutíðfjallstinda. Ljós. Jón Geirsson.

„Mjólkin! Mundu eftir mjólkinni.“

Helgi mundi eftir mjólkinni handa Doug. Við vorum að leggja af stað úr bænum. Þorsteinn, Helgi og Doug saman í bíl, Snævarr og ég í öðrum.

Þorsteinn segir frá: „Viltu ekki að ég hvíli þig?“, sagði Doug, og átti við hvort ég væri ekki orðinn þreyttur á akstrinum.

„Jú, jú“, svaraði ég dauðfeginn að fá einhverja hvíld. En ég var fljótur að sjá eftir þessu. Helgi sem venjulega er brúnn og sætur, náfölnaði og seig niður í sætið.

„Doug, Doug þú manst að það er hægri umferð á Íslandi.“

„Já, já.“

„En finnst þér ekki í lagi að skipta í þriðja.“ (Bíllinn var kominn í sjötíu).

Hann heyrði ekkert – hávaðinn of mikill. Helgi og ég settum upp sólgleraugu og þökkudum hvor öðrum fyrir lífið. Doug keyrði brosandi áfram, starandi út um hliðargluggann á fjöllin, á 70 km hraða, í öðrum gír og á vinstri vegarhelmingi. Púff!!

Inni á Svínafellsjökli: Klassíska klukkutíminn í sprungunum og puðið var að baki. Við stigum á skíðin. Það var enn á reiki hvað við ætluðum að gera. Helgi hafði áhuga á Hnúknum, Doug virtist geta fella sig við það. Snævarr og ég horfðum stíft til Hrutíðfjallstinda. Þorsteinn jáknaði öllu.

Þegar Doug sá stóra ísfossinn í suðurhlíð Hrutíðfjallstinda tókum við stefnuna þangað. Það rættist úr veðrinu, og um nóttina sváfum við í snjóholu neðst í hlíðinni.

Doug var fyrstur af stað um morguninn, sagðist

vera morgunmaður. Við hinir notuðum hvert tækifæri til að sofa aðeins lengur. Helgi tók skíðin með sér, við hinir hristum höfuðið hálf hlessa á eljusem-inni. Við klifruðum upp úr snjógili og yfir stóru snjóbreiðuna í hlíðinni. Doug beið við ísfossinn.

„Á að sóló’ann?“, spurði Doug.

„Ha!“, stamaði ég lafmóður. Línan var tekin upp. Ég hjó polla en Doug barði inn fleyg. Á meðan ég hjakkaði bauð hann mér fleyginn. Fossinn var klifinn í tveimur spönnum. Helgi og Doug saman í línu, og við hinir í annarri.

Þorsteinn segir frá: „Svona bratt hef ég aldrei klifið í Öræfum“, hugsaði ég. Helgi og Jón byrjuðu að leiða, Snævarr lagði af stað og brátt vorum við Doug einir eftir niðri. Hann horfði sallarólegur upp brattan ísfossinn og sönglaði skoskan brag. Ég vildi herma eftir og fór að hugsa hvað ég gæti sungið.

„Hamraborgin!, hef enga rödd í það.“

„Búðardalinn!, æi nei.“ Ósjálfrátt byrjaði ég að raula í hálfum hljóðum barnasálminn, Fúsi ég fylgi þér (hef aldrei skilið hvaða Fúsi þetta er).

Doug hélt áfram með sinn brag sem fjallaði um það hvernig eigi að þekkja lögregluhunda frá öðrum hundum. – Jú, þeir hafa nefnilega lögreglu í bandi.

Ofan við ísfossinn varð klifrið fjölbreyttara. Löng snjóbrekka, varasamar hliðranir, ís- og kletthryggir, þröng ísgil og klettaflágar.

Veðrið lék við okkur, sól og blíða, molluhiti. Sól-in var farin að bræða ísinn og steinar farnir að losna. Við voru ekki með harðhatta, en Doug var með kaskeiti. Ég var nú í línu með Doug. Brattinn minnk-aði og ósjálfrátt jók ég hraðann. Það kom kippur í línuna og ég snéri mér við. Doug bölvaði, „to much oxygen, enjoy the view boy.“

Við vorum komnir að efsta hlutanum, tindkamb-inum. Þetta er klettakambur sem trónir efst yfir fjallshlíðinni, lykillinn að leiðinni. Það var bratt og ég sá enga leið upp. Strákarnir voru komnir. Doug lagði í hann. Bólstraður ísinn utan á bröttum klettun-um vakti falskar vonir, því hann hélt ekki. Það varð að hreinsa hann af berginu. Það kom kippur í línuna, ég lagði af stað. „Hörku pitch“ tókst mér að stynja þegar ég kom upp. Doug sat brosandí á íssnaga og tryggði mig áfram um leið og hann tók upp strákana. Hann hafði ýtt kaskeitinu aftur á ennið og söng hárrí röddu, engu líkara en að hann væri að syngja fyrir áheyrndur á Svínafellsjöklinum, 1200 m neðar. Hann minnti mig á John Lennon. Ég var kominn að



„Hann sat klovvega á íssnaga og söng hástöfum.“

Ljós. Jón Geirsson.

Helgi leggur í ísfossinn með skíðin á bakinu.

Ljós. Snævarr Guðmundsson.



20 m háum, lóðréttum bólstraísvegg. Hjó polla og tryggði Doug upp.

Hann virti fyrir sér ísvegginn og skoðaði svo pollann hjá mér.

„Ég ætla að reyna hérna megin“, sagði hann og benti á þar sem ísveggurinn var enn óárennilegri. „Ef ég dett, getur þú alltaf stoppað mig með því að stökkva niður hinumegin.“

Hann treysti samsagt ekki pollanum mínum. Línan dróst út, hann fór í hvarf en kom aftur í ljós. Þetta gekk ekki. Við endurbættum pollann. Doug settist, þetta var hálf vandræðalegt.

„Hvað á ég að gera“, hugsaði ég, „ætli hann vilji að ég reyni.“ Ég spurði. Hann leit á mig.

„Þú tekur myndir“, sagði hann og rétti mér myndavélina sína. Ég sagði ekkert. Doug byrjaði klifrið rólega og yfirvegað. Spannir sem þessar er ekki hægt að klifra öðruvísi. Hann var kominn 7 m upp og var nú að föndra við að koma inn fleyg. Á hverju hékk hann eiginlega, ég bara gat ekki skilið það, bólstraísinn hélt engu.

Það seytlaði vatn niður hálsmálið hjá honum úr grýlukerti sem hékk fyrir ofan. Ekkert var hægt að gera við því. Doug bólvaði og kallaði til mín, „watch the rope.“ Ég var að taka myndir og aðeins með hálfan hugann við línuna. Hann náði að koma inn öðrum fleyg 5 m fyrir ofan þann fyrri, línun dróst út og hann fór í hvarf. Það kom ákveðinn kippur í línuna og ég lagði af stað. Þvílík spönn! Það var nógu erfitt að klifra hana með línu að ofan. Mér hraus hugur við tilhugsuninni ef hann hefði tekið boði mínu áður.

„Við getum farið úr línunni hér“, sagði Doug þegar ég kom upp. Ég settist niður hálf ringlaður eftir undangengin átök. Doug tók nú strákana upp, einn af öðrum. Fyrir okkur lá að ösln í sólbráðinni upp á Suðurtindinn.

Á tindinum bauð einhver upp á whiskeydreitil. Alltaf eru þær jafn frábærar þessar tindmínútur. Þvílíkt útsýni!

Það var þoka á leiðinni niður. Við fórum niður stóra austurgilið, ýmist á rassinum eða hlaupandi, stundum öslandi sólbráðina upp í klof. Pokan gerir allt hrikalegra og stærra. Gilið ætlaði aldrei að taka enda. Ég var bullvotur og þyrstur. Búinn af brúsanum, át meiri snjó. Helga tókst einhvern veginn að skíða niður helminginn af gílinu. Féllst samt á að það hefði varla verið þess virði að taka skíðin með, og þó!

Doug bauð upp á bjór þegar við komum niður. Það var unaðsleg tilfinning að setjast niður, svolgra í sig bjórinn og hugsa um ekki neitt. Kvöldkyrrðin var algjör og mikið ef ég var ekki farinn að sjá tvo Hvannadalshnúka áður en yfir lauk.



Fyrsta spönnin á Fallastakkanöf. Ljós. Jón Geirsson.

Doug kom auga á klettana úr bílnum þegar við ókum framhjá. Klettarnir voru eins og skipsstafn þar sem þeir sköguðu út úr fjallshlíðinni. Stuðlað bergið var slétt slípað og þráðbeinar sprungur á milli. Þvílíkar línur, sennilega um 100 m háar. Doug valdi augljósustu sprunguna, tók til rakkinn og hnýtti sig í línuna. Snævarr batt sig á hinn endann. Hann virtist ekki vera alltof hrifinn af því sem til stóð. Við hinir reyndum að vera uppörvandi.

Snævarr segir frá: Við stóðum undir hömrnunum. Þeir voru síður en svo árennilegir. Ég benti upp.

„Doug, ef við komumst ekki upp og þurfum að síga, þá svífum við í lausu lofti!“

„Hmm, ég hafði ekki hugsað út í það.“

Fyrsta spönnin tók geysilega á. Upp 25 m langa sprungu, á spennitökum (jam) sem leyfðu engar hvíldarstöður, og þaðan upp afar gleitt horn.

Ég sat á smá syllu og fylgdist með Doug klifra næstu spönn. Hann var um 12 m ofar, undir litlu þaki í slúttandi hömrnun. Atferli hans og hreyfingar gáfu til kynna að þessi spönn yrði ekki síðri þeirri fyrri. Frá þakinu lá hliðrun til vinstri, nokkuð tæp og afar opin. Frá henni var auðveldar að næstu megintryggingu.



„Eina mynd fyrir Alpaklúbbsblaðið.“ Snævar til hægri. Ljós. Jón Geirsson

„Þú varst bara nokkuð fljótur“, sagði Doug, er ég nálgadist. Vafalaust hélt hann mig hafa skilið eftir tryggingar.

„Ég var hræddur“, sagði ég og reyndi að brosa.

Síðustu hreyfingarnar voru stórum léttari og skyndilega stóð ég á brúninni. Þessi síðasta spönn hafði verið rétt eins erfið og hinar tvær. Setan undir megintryggingunni hafði líka tekið sinn toll. Síðustu 20 m hafði nær stanslaust grjóthrun dunið á mér.

Hávaðarok og kuldi var uppi á brúninni. Ég gekk skælbrosandi með framréttan spaða til Doug. Sex klukkustunda spennu var lokið.

Við hinir biðum fyrir neðan. Tókum nokkrar myndir en sátum annars þöglir og stöðum út í loftið. Ég fylgdist með sjávarföllunum. Það var fjara þegar þeir lögðu af stað, en nú þegar þeir voru að klára var byrjað að falla að. Þoka var að leggjast upp að ströndinni og ég var hætta að sjá Hrollaugseyjar. Skyldi rigna mikið í Suðursveitinni í sumar.

Við hristum spaðana á görpunum og stilltum þeim upp. Snævarr með rakkinn um hálsinn. Svei mér ef hann fær ekki hálsríg. Brosa! Eina mynd fyrir Alpaklúbbsblaðið.

Doug dró Wellington stígvélin upp úr „big wall“-sekknum og snaraði honum síðan inn í bílinn. Ég festi augun á nafnið Pete Thexton sem skrifað var á sekkinn. Þetta var eins og áminning, fjöllin gera meira en að gefa, þau taka líka.

Við ókum til baka í myrkri.

E.S. Ferð þessi var farin á maídögum 1985. Í ferðinni voru Þorsteinn Guðjónsson, Helgi Benediktson, Snævarr Guðmundsson, Doug Scott og Jón Geirsson. Í þessari ferð var Rustanöf við Vestrahorn, einnig klifin, en það er nú önnur.....!

Leiðirnar:

Hrútsfjallstindar: S-hlíð, 1400 m. Heildargráða, TD. Mestu erfiðleikar, 60 m hár ísfoss upp af snjóbreiðunni, bratti 75–90 gráður, 4. gráða. Tindkamburinn, ein spönn 5. gráða og ein 6. gráða, ís og klettur. Þar á milli klifur í snjó af 1.–2. gráðu og í klettum af III. gráðu.

Fallastakkanöf: 100 m, 3 spanir, gráða VI+ (5.10, 5.10, 5.9). Sprunguklifur, spennitök, reyk háfur á fyrstu spönn. Stanslaust erfiði, tryggt með vinum (friends).

Tatras

EFTIR

MARGRÉTI JÚLÍUSDÓTTUR

OG

SALBJÖRGU ÓSKARSDÓTTUR

Há-Tatras svæðið séð frá Gerlach.



Það var á föstudagskvöldi um miðjan ágúst nú í sumar að við biðum á járnbrautarstöðinni í Prag eftir lest til Tatras. Tatras er fjallgarður austarlega í Tékkóslóvakíu, nánar tiltekið í Slóvakíu. Biðin var löng, en okkur var sagt að alvanalegt væri að lestum seinkaði um nokkra klukkutíma. Þegar hún loks kom urðum við, sem ekki vorum svo forsjál að eiga pöntuð sæti, að gera okkur að góðu að liggja á ganginum við óþétt samskeyti vagnanna. Urðum við þar mörgum manningum að fótakefli. Ferðin til Poprad, höfuðstaðar Tatras tók 13 tíma og á leiðarenda stigum við út á brautarpallinn blakkar í framan og með jarðvegs-sýnishorn í fötum og farangri. Áfram lá leiðin með sporvagni til Starý Smokovec, sem er aðalþorpið þarna á fjallasvæðinu. Þar hugðumst við leita gistingar, en leitin bar okkur um næstu þorp þar til við fengum loks gistingu á einkaheimili.

Í Starý Smokovec er að finna skrifstofu TANAP (skammstöfun á nafni þjóðgarðsins) og þangað þurfa menn að snúa sér, ef þeir hyggja á fjallaklifur. (TANAP-fjallabjörgunarsveitin, veitir ýmsar upplýsingar, svo sem um veðurútlit).

Það er ekki langt á milli þorpanna og því tók það okkur ekki langan tíma að komast til þorpsins Tatranská Polianka með fjallalestinni. Þar vorum við komnar í rúmlega þúsund metra hæð. Rétt ofan við þorpið fórum við inn fyrir mörk þjóðgarðsins. Þar blasti við stórt skilti með boðum og bönnum varðandi umgengni í þjóðgarðinum. Var það á tveimur tungumálum, tékknesku og þýsku.

Meginhluti Tatras-svæðisins er þjóðgarður og eru reglurnar mjög strangar og nákvæmar. Í bók um garðinn lásum við, að gerist einhver svo óforskammaður að slíta upp blóm sem er friðað varðar það fésekt frá 50 kcs til 1450 kcs, allt eftir því hversu sjaldgæft blómið er. Ráðist einhver hins vegar á friðuð tré eða runna er sektin 550 til 3840 kcs, fer eftir hæðinni í sentimetrum.

Kcs er skammstöfun fyrir tékknesku krónuna. Verðgildi er u.þ.b. fjórfalt þeirrar íslensku.

Á skiltinu stóð að ekki mætti fara í fjallgöngu án leiðsögumanns, nema fólk hefði eitthvert skírteini frá fjallaklúbbum, en þar sem ætlun okkar var að kanna uppgönguleið á Gerlachovský stít sem er hæsta fjall Tékkóslóvakíu, (2655 m að hæð) tókum við þessar reglur mátulega alvarlega og gengum af stað upp að Sliezky Dom (1.768 m), þar sem er fjallahótel. Á leiðinni skall á veður með þrumum og rigningu og ský grúfðu sig yfir öll fjöll.

Við hótelið hittum við margt austur-þýskra fjallamanna sem fræddu okkur um nágrennið. Ráðlögðu þeir okkur frá að vaða upp í trássi við reglur garðsins



Magga og tékkneskur vegvísir. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.

og urðum við að láta okkur nægja merкта göngu-stíga, en engir slíkir eru upp á fjallið.

Við vorum komnar langleiðina niður þegar skyndilega birti til og sást til fjalla, en veðrabrigði munu vera mjög snögg á þessu svæði.

Sá hluti Tatras, sem Gerlachovský stít tilheyrir, nefnist Vysoké Tatry á tungu heimamanna. Há-Tatra yrði svæðið þá kallað á íslensku máli.

Gönguferð okkar á fjallið varð því endasleppt þennan dag. Við þræddum stígana niður og flýttum okkur sem mest við gátum til að ná í kvöldmatinn hjá gömlu hjónunum í Dolný Smokovec. Ekki var útlit fyrir gönguveður næstu dagana og dvalarleyfi okkar í landinu senn útrunnið. Héldum við því ferð okkar áfram vestur á bóginn.

Ekki urðum við varar við vestræna ferðamenn á þessum slóðum, enda mun ekki vera mikið af þeim þarna. Þá fannst okkur ekki mikið til um málakunn-áttu fólks sem hafði þann starfa að leiðbeina ferðamönnum, en tekið skal fram að við komumst aldrei í upplýsingaskrifstofu þjóðgarðsins. Helst kann fólk hrafl í þýsku og það lesefni sem við fundum var allt á því máli.

Skarðshorn í vetrarham

EFTIR BJÖRGVIN RICHARDSSON

Það var í byrjun maí 1984 að við félagarnir, undirritaður og Óskar Þorbergsson, ákváðum að gera fyrstu atlögu að Skarðshorninu við vetraraðstæður. Ætlunin var að fara svipaða leið og ég og Snævarr höfðum farið haustið áður (sjá ÍSALP Nr. 28).

Skemmtilegt klifur? Engan veginn. Mér hundleiðast endalausar snjóbrennur. Lemja, lemja, færa, færa. Má ég þá heldur biðja um klett.

Þessi orðaskipti áttu sér stað fljótlega eftir að við lögðum af stað á ókristilegum tíma um morguninn (var einhver að tala um svefn?). Fórum síðan á brodda um það leyti sem aðrir heiðarlegir verkamenn risu upp við dogg og hrósuðu happi yfir því að geta sofið í klukkutíma í viðbót. Neðri hluti klifurleiðarinnar var frekar auðveldur, tvö 5 metra íshöft, að vísu lóðrétt, og síðan um 50° brött ís- og snjóbrenna upp að höfuðveggnum. Að sumarlagi er þessi hluti tvær línulengdir af III. gráðu klettaklifri, auk brölt í lausu bergi. Núna röltum við þetta línulaust og sóttist ferðin vel. Ég kom á undan að klettunum og friklifraði fyrsta haftið, setti inn tryggingu og tók Óskar upp til mín. Hann hélt síðan áfram upp á við upp ísaða kletta, klifrandi á hugmyndafluginu, og hvarf í sortann. Já vel á minnst, veðrið. Það hafði svo sem verið skaplegt til að byrja með en fljótlega dró ský fyrir topp og þegar við lögðum í klettana var farið að snjóa. Að sjálfsögðu, þeir spáðu sólskini. Vindur var að sunnan og við því í skjóli (þetta er norðurveggur ef einhver skyldi ekki vita það) en óljósan grun höfðum við um að hengja væri að myndast uppi á brún þar sem engu var líkara en að einhver væri uppi að henda í okkur mjúkum köggjum. En áfram með klettana. Fljótlega komum við á syllu.

Öllu má nú nafn gefa. Breiddin að vísu á annan metra en meðalhallinn um 45°.

Núna átti að reyna að fara nýtt afbrigði. Við Snævarr höfðum þarna hliðrað í vesturátt út frá rifinu en nú átti að reyna í hina áttina. Óskar setti inn fleyg

sem hann sagði að héldi kannski ef maður settist varlega í hann. Mitt hlutverk var síðan að finna færa leið upp. Eftir miklar þælingar ákvað ég að reyna við bergsnaga sem skagaði útúr klettinum, um 5 metra háan og fet á kant. Traustvekjandi ekki satt? Auk þess kom í ljós að hann var frístandandi og hefur vafalaust hrunið í næstu leysingum. Nú, það er skemmst frá því að segja að fjallið sá við okkur þarna og þrátt fyrir miklar æfingar komumst við ekki upp og var þetta ekki í fyrsta skipti sem mig hefur langað í þriggja metra telescope-exi. En eftir því sem frá líður verð ég æ sannfærðari um að þetta sé hægt, það skal. Við lögðum því línuna á milli fótanna og laumduðumst í burtu, hliðruðum til baka og áfram úteftir. Áfram upp ísaða kletta og þar sem við sumaraðstæður var klifrað á viðnámi og nöglunum, þurfti núna að berja inn járnverkfærum og treysta því að þau væru harðari en bergið. Meiri hliðrun og núna komnir upp að síðasta beltinu, kenningin um hengjuna reyndist rétt. Í skæðadrífunni af brúninni 15 metrum fyrir ofan okkur rýndum við upp og litum eftir því hvort hvergi væri fært í gegn. Óskar hvarf fyrir horn og ég fylgdi. Þóttist vita hvar við værum og að það borgaði sig ekki að fara lengra. En öðruvísi mér áður brá. Þar sem áður var létt klettabrölt gnæfði nú yfir slútandi hengja.

Tryggingin góð? Alveg sprengjuheld. Ókei, haltu þá fast og ef þú sérð mannbrodda stefna í andlitið á þér á meira en gönguhraða, stökktu þá frá.

- GO FOR IT -

Lagði í síðustu hindrunina. Auðvelt í fyrstu, aðeins 80° púðursnjóskafi með einhverju hörðu undir. Kom að hengjunni og reyndi að beygja mig í brú undir henni. Gekk frekar illa útaf bakpokanum og minnugur þess að fyrir aftan mig var 200 metra frítt fall og annað eins í rennsli kraflaði ég holu í hengjuna, stakk hendinni inni og hékk þannig á „jammi“.



Norðurveggur Skarðshorns. Ljós. Björgvin Richardson.

Eins gott að það er þoka. Já, maður verður ekki eins lofthæddur ef maður sér ekki niður fyrir sylluna sem maður stendur á.

Hengjan var ekki uppörvandi, samsett úr fjölmörgum mishörðum lögum. Tók upp Suunto clinometerinn og mældi hallann. Helv.... hengjan hallaði fram um 7°. Nú voru góð ráð rándýr. Engin skófla og ekkert til að klifra í. Tókst að brjóta svolítið af efsta partinum niður með því að teygja 70 cm zeroinn og hendina eins og ég gat, engin festa í brúninni. Finn loksins 10 cm íslag u.þ.b. fet fyrir ofan hausinn á mér en þangað þarf ég að koma hnénu til þess að eiga möguleika á því að komast upp. Síðasta hálmstráið er því að nota stigaklifur. Tekst með harmkvælum að setja ísskrúfu í íslagið, þorði ekki að setja nagla því þá hefði það örugglega brotnað. Færi síðan línuna upp og bæti við lykkju. Með því að hanga í lásnum tekst mér að lyfta löppinni upp í lykkjuna og heng þannig á haus stutta stund. Ríf mig síðan upp og óskra:

HALTU FAST.

Með því að standa í lykkjunni og nota átakið frá línunni á móti tekst mér að halda jafnvæginu hangandi út frá hengjunni nægilega lengi til þess að mjaka höndunum upp á brúnina. Sting hausnum upp í æðandi vindinn og leita fyrir mér eftir festu. Finn



Óskar í vetrarham. Ljós. Björgvin Richardson.



Óskar setur inn eina „sprengjuhelda“. Ljós: Björgvin Richardson.

ekkert. Reyni að troða öxunum ofan í skaflinn, þær verða að halda.

Ef tryggingafélagið hefði séð til þín þarna í hengjunni hefði það verið fljótt að afturkalla slysatrygginguna.

Sveifla síðan lausu löppinni uppá brúnina í axlarhæð og mjaka mér upp. Allur stíll víðsfjarri, aðeins hugsað um að velta sér frá brúninni. Veðrið orðið albrjálað og ekkert þarna uppi til að binda í. Moka holu, sest á exina og byrja að toga. Línan mjakast inn en eitthvað vefst fyrir Óskari að ná út skrúfunni á meðan ég reyni að toga hann út frá hengjunni. Upp kemst hann og núna hrósa ég happi yfir skyggningu því ef Guð hefði séð til okkar hefði hann örugglega roðnað, önnur eins nauðgun á snjóskafli hefur aldrei sést.

Um gráðunina á leiðinni er það að segja að ef hún er farin við sæmilegar aðstæður og ef tekst að sneiða hjá hengjunni, þá er hún svipuð og við sumaraðstæður eða TD+/ED. En eins og við fórum hana er hún að mínu mati tvímælalaust VI. gráða eða ED.



LÖGMÁL FERÐAMANNINS

- 1) Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- 2) Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það.
- 3) Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4) Rífum ekki upp grjót, né hlöðum vörður að nauðsynjalausum.
- 5) Spillum ekki vatni, né skemmum lindir, hverir eða laugar.
- 6) Sköðum ekki gróður.
- 7) Truflum ekki dýralíf.
- 8) Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9) Rjúfum ekki öræfakýrrð að óþörfu.
- 10) Ökum ekki utan vega.
- 11) Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12) Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Höfum þetta í huga og varðveitum þá auðlind sem náttúra landsins er, þannig að við fáum notið hennar um ókomna framtíð.



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Ísaxir fyrir og nú


EFTIR TORFA HJALTASON

Margar snjöllustu uppgötvanir mannkynsins hafa verið frekar einfaldar. Hjólið er klassískt dæmi um það, en mér er alltaf hlýtt til hugvitsmannsins sem uppgötvaði hina hliðina á hljómplötunni. Tilfellið er, að einungis var hljóðritað öðrumegin í fyrstu en svo fékk einhver óþekktur maður hugmynd....


Furðulegt að hefja grein um ísaxir á því líku dæmi, samt er það svo, að það fann í raun og veru enginn upp ísexina. Fjallamenn fitluðu í gegnum tíðina við gripinn og einstaka þeirra fékk hugmynd. Smátt og smátt breyttist langur broddstafur smalanna í Ölp-unum í verkfæri sem er fjallamanninum dýrmætast af öllum hjálpartækjum.

Á miðri síðustu öld var ísexin farin að líkjast því sem við þekkjum í dag. Leiðsögumenn heldri manna hjuggu bókstaflega tröppur alla leið upp á tindana. Axirnar voru hannaðar með það eitt í huga að gera spor í ís. Þetta var erfitt verk og eru dæmi þess að leiðin væri lögð deginum áður, ákaflega þægilegt fyrir hina háu herra. Það kom einu sinni fyrir Christian Klucker, kunnan leiðsögumann, að hann hjó þrep upp þekktu ísleið, Bodile Couloir, deginum áður. Næsta morgun þóknaðist skjólstæðingnum ekki að mæta á staðinn. Klucker hefur trúlega verið alveg sama því hann var mjög áhugasamur um fjallgöngur.

Árið 1865 klifu leiðsögumenn og skjólstæðingur Brenva hrygginn á samnefndri hlíð Mt. Blanc, það þykir enn alvarleg leið þó tæknilega sé hún ekki erfið. Fjallamenn hafa alltaf verið metnaðarfullir a.m.k. gagnvart sjálfum sér og um aldamótin var



Franska aðferðin. Ljós. úr *Climbing Ice* eftir Yvon Chouinard.



sem áður varð að gera spor og handfestur ef færið var hart, axarhaus eða enda potað í og notað til stuðnings. Semsagt jafnvægisklifur í hæsta gæðaflokki á þessum árum. Oddur axarinnar var tannlaus og meira ætlaður til að sprengja harðan ís við spora- og handfestugerð. Aðferðir til að klifra í ís og bröttum snjó urðu til, þegar fremstu klifrarar síns tíma þreifuðu sig áfram með exinni. Armand Charlet (1900–1975) hinn franski er þar algjör risi, franska aðferðin sem enn er við líði, er að stórum hluta afsprengi hans. André Contamine, nýlega látinn, er hinsvegar ábyrgur fyrir því að þessi aðferð er nú kennd um allan heim. Hann lét einnig fyrstur manna gera ísexi fyrir sig með tenntum odd, Super conta framleidd af Charlet. Tennurnar skiptu sköpum, betri festa í ís og grunnurinn að togfestum lagður. Íhaldssamar óánægjuraddir muldruðu um að tennurnar væru til trafala í sporagerð.


Árið 1966 var mikilvægt í sambandi við þróun axarinnar. Bandaríski klifrarinn Yvon Chouinard tók sig til og fór með nokkrar gerðir af ísöxum í einhvern jökul í Ölpunum og prófaði þær. Þetta var gert með því hugarfari að breyta og bæta hönnun axarinnar yfirleitt. Niðurstaðan varð einföld: Sveigja oddinn lítillega niður svo að hann „húkkist“ betur og sitji tryggar í. Hann fékk hið rótgróna fyrirtæki Charlet til

gamla tæknin gengin sér til húðar. Til að takast á við sífellt erfiðari leiðir þurfti að þróa nýjar aðferðir.

Þegar hinir djörfustu hafa komist eins langt og mögulegt er með sínum gömlu áhöldum, reynt að nota þau öðruvísi og allavega, þá þurfa hinir hugvitsömu að koma til. Í grein minni um brodda (Ísalp 1985) minntist ég á Eckenstein. Hann kemur hér líka við sögu. Uppúr síðustu aldamótum kom hann fram með styttri ísexi og broddana sína frægu. Exi Eckensteins var aðeins 2/3 af lengd venjulegra axa á þessum tíma eða um 86 cm.

Afleiðingar þessara hófsömu endurbóta urðu víðtækar, erfiðari klifurleiðir en nokkru sinni fyrr voru klifnar. Hátindi sínum náði hin nýja tækni Eckensteins árið 1924. Þá klifruðu Jacques Lagarde og Henry de Segnone norðurhlíðina á Aig. du Plan, sem er enn í dag talin erfið ísklifurleið. Í síðasta ársriti Ísalp er einmitt lýst för tveggja Íslendinga þá leið.

Styttra skaft og betur lagaður haus axarinnar breytti miklu. Hentugra var að tryggja með skaftinu og það þvældist ekki fyrir í hinum mikla bratta. Samt




að gera eina exi svo það mætti sannreyna gripinn. Undur og stórmerki, fíkið varð til þess að fleygja fram allri hönnun ísaxarinnar og um leið ísklifur-tækni.


Eftir að exi Chouinards var komin í notkun um allan heim, eða aðrar byggðar á svipaðan hátt, þá var helsta hönnunarafrekið hinir svokölluðu „terrodactylar“. Það var um 1970 og sjálfur Hamish McInnes að verki. Þegar hér var komið við sögu voru allir almennilegir klifrarar farnir að nota togfestur: klifra með ísexi og íshamri ásamt því að vera helst eingöngu á frambroddunum. Nú var allt hægt.

Vegna þess að nú litu menn öðrum augum nota-gildi axarinnar, fóru hönnuðir að láta frá sér æ sér-hæfðari axir. Mjög stuttar axir og með bröttum oddi á hausnum urðu algengari. Axir frá t.d. Simmond, þar sem hægt er að skipta um odda eftir færi, komu fram á sjónarsviðið. Samt sem áður er óhætt að full-yrða að exi sú, sem Chouinard hannaði út frá tilraun-um sínum, er enn frábær, nothæf við flestar aðstæður með blandaðri tækni.

Hvaða ísexi á að kaupa? Þessu er ekki auðvelt að svara. Hafa má í huga ýmis atriði til hliðsjónar. Ef notandinn stundar fjallamennsku almennt og ekki endilega mikið klifur, þá er miðlungssveigður oddur og 60–75 cm langt skaft ákjósanlegt. Slíka exi má



Terrodactyl (Hamar.)



nota við langflestar aðstæður, en aftur á móti eru stuttu klifuraxirnar með mikið sveigðum oddi ónot-hæfar í mörgum tilfellum. Sem sagt fyrsta exi allra er af fyrri gerðinni, augljóst mál. Skaftið er mikilvægt að velja vel, ekki aðeins lengd heldur úr hvaða efni það er gert. Sterkast er málmskaft og næst á eftir er fíberskaft. Tréskaftið er á undanhaldi vegna þess að það er áberandi veikast þótt að eiginleikar þess séu góðir í sambandi við titring sem myndast þegar exinni er höggvið í.

Nauðsynlegt er að halda exinni vel við og skerpa oddinn með þjöl, endann þarf síður að skerpa, enda þótt hann slitni mikið ef exin er notuð sem stafur í grjóti, svona til stuðnings.

Ekki datt mér í hug þegar ég byrjaði á þessari grein að mér tækist að gera efninu full skil, þar sem notkun ísaxarinnar er alveg sér efniviður í langa grein. Lát-um þessu lokið með orðréttri tilvitnun í bók fyrir Ferða- og fjallamenn, hún er um notkun ísaxarinnar: „Hægt er að nota hana sem verkfæri til að grafa sig í snjó, til stuðnings og í neyðartilvikum má bregða henni fyrir sig á vissan hátt og bjarga þannig lífinu“.

Pvílíkt innantómt rugl, en þó satt....

Í leit að sól og stuttbuxnafæri

EFTIR BJÖRN VILHJÁLMSOON



Klifrað í Romsdal. Ljós. Einar Steingrímsson.

Hér á eftir fer dálítill kynning á nokkrum klifur-svæðum sem undirritaður, (með ýmsum félögum en þó alltaf með Sigríði Baldursdóttur og Einari Steingrímssyni) hefur heimsótt á undanliðnum 5 árum.

Romsdalur í V-Noregi. Júlí 1981.

Full drauma og eftirvæntinga komum við, hópur góðs fólks, til þessa gósenlands klettaklifurs í Skandinavíu. Dalurinn, eða réttara sagt dalirnir tveir, Romsdalur og Isterdalur, brugðust ekki vonum okkar. Dalbotnarnir rétt yfir sjávarmáli, dalirnir þröngir og allt að 1900 m há fjöll og hamraveggir gína yfir öllu saman. Hvílt landslag, heilu ferkílómetrarnir af klifurveggjum, allar stærðir og gráður. Hér mætti alveg slíta klifur-barnsskónum og auka reynsluna til að rúma allt frá Hvanngjá og Stardal til stórra veggja – kannski Trollvegginn! Það er hægt að gera margt á mánuði ef viljinn er fyrir hendi og . . .

En veðurguðirnir þurfa líka að vera vinveittir, og það voru þeir ekki í þessari ferð. Sumarið 1981 var versta rigningarsumar er komið hafði í 15 ár, að sögn innfæddra. Við fengum aðeins 5 klifurdaga, þrjá með stuttbuxnafæri og tvo þökukennða. Samt var betur farið en heima setið, því við klifruðum nokkrar fjölspanna leiðir og það, útaf fyrir sig, var ný klifur-reynsla og kærkomin. Og þegar allt kemur til alls mæli ég með svæðinu. Stutt dvöl gæti hæglega farið í að bíða eftir veðri, en lengri dvöl getur tæplega gefið lélegri útkomu, veðurfarslega, en við fengum. VARÚÐ: trjágróður, reynir oft á ratvísina þegar gengið er að leiðum.

Grimsel/Handegg í Sviss. Júlí 1983.

Sól, sól og stuttbuxur. Hitabylgja í 1750 m hæð – jafnvel stuttbuxur eru of mikill klæðnaður. Engir



Einar Steingrímsson smyr sig upp slab í Grimsel. Ljós. Björn Vilhjálmsson.

kuldabólgnir puttar hér, heldur svistastraumar og jökulsorfnar granítbrekkur. Grimsel er sérlega aðlaðandi svæði. Þar eru fjölmargar leiðir og allar einkennast þær að miklu leyti af „slab“-klifri. „Slab“ er bergflötur þar sem hallinn er á bilinu 45–70 gráður, og bergið vatns- og/eða jökulsorfið, slétt og sprungulítið. Þetta yfirborð krefst klifurtækni sem er ólík því sem gerist í brattara bergi, þarna er viðnámsklifur (eða „frictions“-klifur) aðferð nr. 1, 2 og 3; smyrja höndum og fótum á og yfir ójöfnur, leika viðkvæman jafnvægisleik með líkamanum og vona að maður renni ekki niður. Þetta er gerð af klifri sem maður sér ákaflega lítið af á Íslandi, en er mjög skemmtilegt. Boltar eru yfirleitt til staðar fyrir millitryggingar og á 40–50 m fresti eru aðaltryggingar ásamt sérstökum sigakkerum, en yfirleitt er sigið niður leiðirnar. Með öðrum orðum, „næs læf“. Eina vandamálið við Grimsel er að þar eru svo fáar auðveldar leiðir, aðeins ein 4. gráðu leið, tvær 5. gráðu leiðir og svo margar 6–7 gráðu leiðir, en því miður hefur maður takmarkað gagn af þeim:

Ekkert opinbert tjaldstæði er í Grimsel, en klifrarar hafa tileinkað sér dálítið skógarbelti beint undir aðalklifurstaðnum og er þar óopinbert tjaldstæði. Sumir eru ekki ánægðir með það og finna sér ennþá afviknari tjaldstæði, a la ferðalög á Íslandi. Að

lokum, hafið tvær, (a.m.k. 40 m) línur með fyrir sigin. Síðast en ekki síst, eftir skarðsbotninum rennur á sem kælir bjór og rassa jafn vel. Ég mæli persónulega með Eichhof, lager.

Gautaborg. Svíþjóð. Apríl 1984.

Það eru ekki margar stórborgir sem bjóða upp á klettaklifur inni í miðju íbúðahverfi, en það gerir Gautaborg. Ég var svo lánsamur að komast í helgarheimsókn til Utby, huggulegs hverfis rétt utan við miðju borgarinnar. Þar er skógi vaxið holt, á stærð við Öskjuhlíð, með laglegum grasflötum og tjörn. Þar líða göngustígar undir 10–70 m háum hömrum; hvílíkur almenningsgarður. Bergið er granít, með stórum kristöllum og sprungukerfum, sem kunnugir segja að líkist sprungum í Yosemite. Goðsögnin segir að aðalklifurhetjur Svía og Norðmanna æfi þar alltaf í 2–3 vikur, til að komast í form, áður en þeir haldi til Kaliforníu. Þarna eru leiðir fyrir alla, og af öllum gráðum á bilinu III–VIII (UIAA). Það eina sem er athugavert við gráðurnar, er að Svíar hafa þá árátu að gráða allar leiðir einni gráðu undir því, sem þær raunverulega eru.

Ég komst því miður ekki í stuttbuxurnar í þessari heimsókn, en ég fékk tækifæri til að æfa „djömm“ og



Einar Steingrímsson „mótorhjólakappi“ á Trident du Tacul, Mont Blanc. Moldvarpan leiðir. Ljós. Björn Vilhjálmsson.

klifur á kristöllum. Þetta er staður sem er virkilega gaman að heimsækja og ég sé það fyrir mér, hvernig væri að vera þar á heitum sumardegum í stuttbuxum.

Chamonix – Grimsel. Júlí 1984.


Um Chamonix, þetta Mekka klifrara, hef ég ekki marga að segja. Við klifruðum tvær klettaleiðir uppi í háfjöllunum, Lépiney-leiðina á Trident du Tacul og Papillion-hrygginn á Aiguille du Peigne, báðar nokkuð ánægjulegar leiðir. Einnig kynntumst við fjölsóttu Boulder-svæði í skarðinu, Col des Montets, fyrir ofan Argentiere (þorpið). Þar er gott að leika sér á stórum Grettistöfum í hlíðinni.

Grimsel – að sjálfsögðu var stuttbuxnafæri – dýrðlegt. Fórum Handegg Verschneidung, frábæra 5 spanna „lay-back“-leið. Þetta verður ekki síðasta ferðin til Grimsel.

Kullen.

er tangi, 35 km fyrir norðan Helsingborg, Svíþjóð.

Þetta er aðalklifursvæði Dana og Skánbúa. Sjávarhamrar úr rauðu graníti, 10–50 m háir, alsettir klifurleiðum. Þar eru leiðir af öllum gráðum (þ.e. UIAA III–VII), en sárafáar lengri en ein spönn. Svæðið er ágætt, en hefur þó aldrei höfðað sérstaklega til mín.



Frá Kullen. Ljós. Björn Vilhjálmsson.

RIMINI RICCIONE



Þú finnur allt á þessum sólríku skemmtistöðum; frábærar baðstrendur

- fjölbreytta og vandaða hótél- og íbúðargistingu • stóra og litla veitingastaði • aragrúa verslana
- fjölda diskóteka • stórkostlega möguleika á lengri og styttri skoðunarferðum • þrautreynda fararstjórn
- sérstaka barnafararstjórn og barnaklúbb • endalausa möguleika á leikjumog fjöri • vatnsrennibraut og tennisvelli • bowling- og kappakstursbrautir • hljómleika og leiksýningar • sirkus og sæðýrasafn
- innfædda borgarbúa • ítalska ferðamenn • erlenda ferðamenn • – allt.



Adriatic Riviera of
Emilia - Romagna (Italy)

Rimini
Riccione
Cattolica
Cesenatico

Gatteo a Mare
San Mauro a Mare
Misano Adriatico
Lidi di Comacchio


Savignano a Mare
Bellaria - Igea Marina
Cervia - Milano Marittima
Ravenna e le Sue Marine

Samvinnuferðir - Landsýn

AUSTURSTRÆTI 12 - SÍMAR 27077 & 28899

SÖLUSKRIFSTOFA AKUREYRI: SKIPAGÖTU 18 - SÍMAR 21400 & 23727





Yuraq Janca

EFTIR ÞORSTEINN GUDJÓNSSON

Það er ekki ómaksins vert að ferðast í kringum hálfan hnöttinn til að telja kettina í Zansibar.

— Thoreau

Ísland státar af fallegum fjöllum, ómengaðri náttúru, hrikalegu landslagi ásamt veðurfari sem á varla sinn líka. Hvers vegna skyldum við leita út fyrir landsteinana, þegar við höfum þetta allt við hliðina á okkur.

Til þess að svara þessu verðum við að reka nefið út í loftið, setja innsogið á og gerast svolítið hástemmd.

Fjallgangarar eru sérstök ættkvísl mannkynsins. Stöðugt leitandi að einhverjum endapunkti sem þeir þó fallast á, sín á milli, að ekki sé til. Þessi endapunktur, eða „tegund sannleika“ eins og við getum kallað hann, gæti verið hvar sem er. Þó með því skilyrði að fjöll séu á svæðinu. Leit að því sem ekki er til, krefst mikils af þeim sem leitar. Ástundunar, ævintrýrþrár, sjóndeildarhrings án takmarkana, ásamt ferðalögum á framandi slóðir.

Það er auðvelt að hugsa. Að koma hugsun sinni í framkvæmd er það erfiðasta sem til er.

— Goethe

Þeir sem vilja fara til Perú, verða fyrst af öllu að gleyma vegalengdinni. Nútíma samgöngur sjá fyrir henni. Í öðru lagi virðast margir halda að það kosti offjár að fara til Suður-Ameríku. Reyndin er önnur. Svo er í pottinn búið, að til langs tíma getur verið ódýrara að fara til Suður-Ameríku en til Evrópu eða Norður-Ameríku. Að vísu er flugfargjaldið aðeins hærra (1985: Kef.—Lima 40 þús.). Á móti kemur að kostnaðurinn við að lifa er mun lægri þarna suður frá.

Perú er framandi land, ekki einungis fyrir lopa-klaðdan mörlandann, heldur Vesturlandabúa yfirleitt. Undirbúningur felst m. a. í því að lesa sér til um land og þjóð. Það er hægt að benda á nokkrar bækur, en ég bendi bara á tvær sem koma helst að gagni fyrir þá sem vilja ganga á og um fjöllin. Þær heita, Yuraq Yanka eftir John Ricker og Cordillera Blanca eftir Jim Bartle. Engin leyfi þarf til að ganga á fjöllin. Einhver tilraun virðist þó vera gerð til að skrá þá sem ætla á fjöll. Það virðist samt vera einhver skrýtin framkvæmd á því og þarf enginn að hafa áhyggjur af þessu.

Áður en farið er til landa í Suður-Ameríku þarf í allflestum tilvikum að afla sér vegabréfsáritunar. Betra er að gera það tímanlega því oftast þarf að





Atvinnurekandi sefur á fyrirtæki sínu á markaðstorginu í Huaraz. Ljós. Anna Lára Friðriksdóttir.

senda vegabréfið til sendiráða á Norðurlöndunum eða annarra nágrannaríkja okkar. Einnig þarf að huga að sprautum. Heilsuverndarstöðin hefur allar nauðsynlegar upplýsingar, um hvaða bólusetninga er krafist og eru æskilegar. Þá er alveg sjálfsagt að tryggja bæði sjálfan sig og farangurinn. Hugmyndir margra Perúbúa um eignarrétt eru oft á tíðum æði frjálslegar.

Betra er að fá lyf hér heima. Það getur verið erfitt að útvega þau í Perú. Leiðangrar í fjöllin verða að vera viðbúinir að sjá algjörlega um sig sjálfir. Það er ekki hægt að reikna með því að hjálp berist ef eitt-hvað bregður út af.

Háu fjöllin eru tilfinning, en ys og þys borga mannfólksins eru kvöl.

– Byron

Það er næstum því áfall að koma til Lima, höfuðborgar Perú, í fyrsta skipti. Borgin einkennist af ringulreið, fátækt og niðurníðslu. Þó er engin ástæða til að láta þessi fyrstu áhrif mynda endanlega skoðun á borginni. Menn verða að læra á hana og hegða sér samkvæmt því. Þá eru allar líkur á því að borgin laði fram einhver jákvæð áhrif. Þó held ég að ekki skuli mælt með þessari borg til langrar dvalar, a.m.k. ekki fyrir fjallgangara. Til þess eru önnur svæði í Perú svo

miklu meira spennandi. Einnig vegna kostnaðar, borgin er mun dýrari en landsbyggðin.

Leigubíla- og almenningsvagnakerfið í Lima er vægast sagt mjög ruglingslegt. Vanti þig leigubíl, ferðu út á götu og veifar þangað til bíll stoppar. Betra er að vera varkár í þessu sambandi því það eru engin merki á leigubílum og engir gjaldmælar í þeim. Fátt get ég sagt um almenningsvagnakerfið, en fullyrði þó að það á fátt sameiginlegt með SVR.

Samgöngur frá borginni eru hins vegar mjög góðar og ódýrar. Fargjaldið frá Lima til Huaraz (Cordillera Blanca) kostaði aðeins 160 ísl. kr. (8 tíma ferð). Að lokum má geta þess, að það borgar sig að skipta peningum í banka, svartamarkaðsgengið er nefnilega yfirleitt heldur lægra (já ótrúlegt).

Klifrið ekki fjöllin áður en þið komið að þeim.

– Málsháttur

Huaraz heitir stærsta borgin í Cordillera Blanca fjallahéraðinu. Eins konar Chamonix Perú. Þangað fara flestir sem ætla á fjöll í Perú. Þetta er um 50 þús. manna bær og er í 3000 metra hæð. Mjög viðkunnaleg borg með lágu verðlagi. Auðvelt er að finna gisti-stað, því þegar ókunnir koma með rútu til bæjarins þá sitja fulltrúar hótélanna um alla þá sem út stíga.

Að öllum hótélum ólöstuðum, ætla ég að leyfa



Pukajirka (6039m) í Cordilleras. Ljós. Kristinn Rúnarsson.

mér að mæla með einu þeirra, Edwards Inn. Ódýrt og viðkunnanlegt gistiheimili. Fólkið þar er alveg sérstaklega aðlaðandi og hjálplegt.

Eins og áður hefur verið minnst á, er Huaraz í 3000 m hæð, og er súrefnisskorturinn því farinn að segja til sín. Betra er að taka því rólega í nokkra daga, kynnast fólkinu og umhverfinu. Mjög fáir tala ensku, ekki má þó líta á það sem vandamál. Það er skemmtilegt að reyna að bjarga sér, bæði kynnist maður fólkinu betur og alltaf kemur einhver skemmtileg staða upp þegar fólk verður að beita táknmáli. Sérstaklega í viðskiptum við hið káta fólk fjallahéraðanna.

Spænska er aðalmálið í Perú, en auk þess tala Indíánarnir mál sem heitir Quechua. Það er mjög fornt mál, og er eiginlega eingöngu talmál. Þetta mál er talað í fjallahéruðum Andesfjalla frá Columbú til Argentínu.

Við erum nú stödd í landi Inkanna, ekki er úr vegi að reyna að grípa anda þeirra t.d. með heimsókn á einhvern þeirra staða þar sem enn sjást minjar eftir þá.

Maðurinn er það sem hann étur.

– L. Feuerbach

Nú viljum við fara að komast á fjöll. Áður en við förum af stað verðum við að útbúa kostinn.

Nauðsynlegt er að ferðamenn frá fjarlægum slóðum séu á varðbergi gagnvart því hvað þeir láta ofan í sig. Annars gætu þeir átt í vandræðum með losunina. Flest veitingahús eru örugg. Vatnið borgar sig ekki að drekka nema búið sé að láta klórpillur út í það. Pillur þessar fást ekki í Perú en fást í allflestum fjallgönguvörubúðum í Evrópu.

Úrvalið í matvörubúðum er ekki eins og við eigum að venjast. Það er þó vel hægt að komast af. Innfluttar vörur eru mjög dýrar á perúanskan mælikvarða en innlendar að sama skapi mjög ódýrar. Kjöt fæst á kjötmarkaði, ágætis kjöt sem skal þó vera vel steikt eða soðið, áður en það er borðað.

Að öðru leyti vil ég benda á, að vera ekki of hrædd við matinn, það er betra að hafa smá steinsmugu, en að vera svo slappur af næringarleysi að ekkert verður aðhafst. Það getur líka verið spennandi að prófa nýja og framandi rétti.

*Í moldinni geymast margra alda spor
Hver minnst þeirra, sem tróðu fjallastíginn?
Ef greina má slóð, er gatan orðin vor,
en gömlu mannanna sól til viðar hnigin.*

– Davíð frá Fagraskógi

Almenningssamgöngur í Rio Santa-dalnum, sem Huaraz stendur í, eru mjög góðar. Best er þó að leigja

sér pallbíll. Þá er hægt að láta flytja sig alla leið í litlu fjallaþorpin, sem undantekningarlaust eru byrjunarstaður leiðangra. Þar er hægt að leigja burðardýr, gegn vægu gjaldi. Athugið, að það er fyrirfram ákveðið gjald og á ekki að þurfa prúttu neitt um það. Það vekur alltaf mikla athygli hjá þorpsbúum þegar fjallgöngumenn koma í þorpin. Kátir og glaðir, oft andstæður við taugastrekkta ferðamenn.

Upp frá fjallaþorpunum liggja síðan stígar eftir þröngum dölum og giljum, inn með fjöllum. Fylgdarmaður dýranna (arriero) ratar yfirleitt ágætlega, annars er frekar auðvelt að rekja sig eftir korti, landslagið er vel afmarkað af fjöllum og dölum.

Muna verður að gera ráð fyrir mat handa fylgdarmanninum. Einnig á hann að fá mat og borgun til að komast heim aftur. Hægt er að semja um að verða sóttur og mæli ég eindregið með því.

Eitt er það sem verður að gæta að. Sumir „arros“, reyna að sleppa ódýrt. Maður þarf að vera ákveðinn við þá, vita hvað maður vill og hvert skal halda. Óþarfi er samt að dæma þá hart eða eins og vinur minn orðar það: „Hver reynir ekki að sleppa heim úr vinnunni á hádegi eigi hann þess kost.“

Maður veidir fleiri flugur með einni skeið af hunangi en fullri tunnu af edik.

— Sheakspeare

Ég ætla að vera fáorður um fjöllin. Þau eru eins og hver upplifir þau með sjálfum sér. Sýnið fjöllum virðingu, notið dómgreindina í sambandi við markmið og aðstæður hverju sinni. Það geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi vari menn sig á þunna loftinu. Þá er engin ástæða til að ætla annað en að hver sæmilega reyndur fjallamaður ætti að geta fengið eitthvað út úr því að fara á fjöll í Andes. Munið að klifra hátt og sofa lágt, a.m.k. til að byrja með. Gott er að fara í aðlögunarferð á lægri og auðveldari tinda, sem samt er leiðangur út af fyrir sig. Auka súrefni ætti ekki að vera nauðsynlegt í Andesfjöllum og vilja sumir meina að það sé jafnvel ósiðlegt að nota það. Betra er að falla með sæmd en sigra með svikum, eins og Indíánarnir orða það.

Heimildir: Ferð farin til Perú 1985.

Reykjavík 28. desember 1985

koflach

**Leiðandi merki í
fjallgönguskóm.
Notaðir af fremstu
fjallamönnum Íslands**

VIVA SOFT:

Hálf stífir fjallgönguskór.
Kjörnir fyrir göngur allt árið um kring.
Henta vel fyrir þá sem vilja alhliða skó.

ULTRA:

Fyrir þá sem gera sérstakar kröfur.
Alstífir þannig að þeir henta vel
fyrir þá sem eru í klifri eða nota
brodda mikið.

VALLUGA:

Combi-skór. Skíðaskór með vibram
sóla. Notaðir sem skíða- og gönguskór.
Mun léttari, og einir vinsælustu
fjallaskíðaskórnir sem framleiddir eru.



Vesturröst hf

Laugavegi 178, R.,
sími 16770 — 84455

Stardalur

EFTIR

BJÖRN VILHJÁLMSOON

OG

SNÆVARR GUÐMUNDSSON

Skammt er síðan iðkun klettaklifurs hófst í Stardalshnúkum, en það var í október 1978. Þó hefur svæðið náð að verða vinsælasti klettaklifurstaðurinn í nágrenni höfuðborgarinnar. Fjöldi klifurleiða er þegar orðinn allmikill, þótt enn sé margt ógert. Því má segja að tími sé kominn til að setja saman leiðarvísi, er taki fyrir helstu klifursvæðin, Stardalshnúk og Stiftamt. Í 17. tölublaði Ísalp birtist lítill kynningarleiðarvísir að Stardal, en þá var aðeins litlum hluta A-hamarsins lýst.

Greinargóðar lýsingar af Stardalshnúkum og nágrenni eru að finna í árbók F.Í. 1985.

1. INNGANGUR

Efst í Mosfellsdal er þyrping stuðlaðra smáhnúka, er nefnast Stardalshnúkar. Hnúkarnir eru þó nokkrir talsins, en mest áberandi er Stardalshnúkur og stuðlabergspil hans. Vestur af honum er önnur smáhnúkabyrping, kölluð Ömtin, en lítil dalhvilft, Samsstaðaklauf, skilur á milli. Er Stiftamtíð hæst og klifurvænlegast af Ömtunum.

Stardalshnúkasvæðið er allsérkennilegt og afar fallett. Hlíðarnar þekja skriður og stórgrýttar urðir,

krýndar 20–40 m háum stuðlabergspiljum. Norðar taka við kollóttir hnúkar uns kemur að undirhlíðum Skálafells.

Hnúkarnir eru leifar gamallar megineldstöðvar, sem lifði sitt fegursta skeið fyrir u.þ.b. milljón árum. Mun eldstöðin hafa náð um mestallan Mosfellsdal. Eru hnúkarnir einskonar innskot, keilugangar, úr grófkornóttu dóleríti. Hraunkvikan hefur þrengt sér upp í móbergslög á litlu dýpi. Hæg kólnun hefur síðan valdið því að stuðlarnir eru eins stórir um sig og raun ber vitni. Eru sumir þeirra allt að 2 m í þvermál.

Þilin sjálf eru margbreytileg. Víðast eru þau aðskilin af giljum og skorningum, en þilin ýmist samsett úr heilsteyptum, beinum stuðlum, eða brotnum, stöllóttum stuðlum. Halli þiljanna er einnig misjafn, austast er hallinn 60–70 gráður, en fer vestar upp í allt að 90 gráður. Gefur þetta talsverða fjölbreytni í klifurleiðirnar.

Bergið í hnúknum hefur ekki mikla hörku, hins vegar veitir það afar gott viðnám. Lóðréttar sprungur milli stuðlanna gefa góða tryggingarmöguleika fyrir hnetur, svo að ætla má að fleygar séu alsendis óþarfir og skal athygli vakin á því, að allar leiðirnar í þessum leiðarvísi eru farnar án þess að nota fleyga.

1.2. Aðkoma

Fullyrða má að afar greiðfært sé að Stardal. Að eins 27 km eru frá borgarmörkum að Stardalshnúkum. Akvegir (fyrst nr. 1, síðan nr. 36, Þingvallavegur) eru malbikaðir að Stardalsafleggjara. Best er að leggja ökutækjum ekki við bæinn sjálfan, heldur aka vegarslóðann (til vinstri, þegar komið er að bæjarbrúnni), vestur með Leirvogsá. Þar eru ágæt bílastæði meðfram veginum og komist er hjá að valda ábúendum óþægindum, en þeir eru lagalegir eigendur svæðisins. Frá vegarslóðanum tekur um 15 mín. að ganga upp hlíðina að hömrinum.

1.3. Klifurtími

Besti klifurtími, er háður sólargangi, eins og ætla má, þ.e.a.s. sumarið er besti árstíminn. Þó má nefna að klifrað hefur verið í Stardal á öllum árstímum, jafnvel í desember, janúar og febrúar. Því veldur, að meginhluti hamranna snýr í suður og þornar því fljótt eftir vætu. Einnig að bergið nær að hlýna sæmilega á vetrum þrátt fyrir stuttan sólargang. Þó ber að hafa í huga að bergið getur verið launhált í bleytu.

1.4. Eðli leiða – umhverfi – siðfræði

Haustið 1984 kom hinn heimskunni fjallamaður, Doug Scott, í heimsókn til landsins, og m.a. kom hann í Stardal. Varð hann ákaflega hrifinn af svæðinu, og er eftirfarandi haft eftir honum: „Stuðluð hamrabilin gefa kost á ástundun „hreins“ klettaklifurs, í geysifallegu umhverfi og gróft bergið veitir gott viðnám. Lítil umferð fólks tryggir friðsælar og góðar klifurstundir“.

Það gefur auga leið, að margt þarf að hafa í huga áður en lagt er í klettinn, þar á meðal eftirfarandi:

- Eðli leiðanna.* Eins og fram hefur komið, eru hamrarnir myndaðir af hægkólnandi innskotum og mynda stóra stuðla. Flest sprungukerfin eru lóðrétt, og liggja leiðirnar oftast upp samskeyti tveggja stuðla eða upp sjálfan stuðulinn. Er klifrið fyrst og fremst sprungu- eða yfirborðsklifur (face-climbing), en lítið er um viðnámsklifur (frictionsklifur) vegna skorts á „slöbum“ (sjá skilgreiningu á „slabi“ í greininni um stuttbuxnaklifur). Stigaklifur er ekki stundað í Stardal og því ekki um það rætt nánar hér.
- Umhverfi.* Mottóid er, að ferðast um náttúruna án vegsummerkja. Spilla ekki gróðri eða landslagi.

Bera heim aftur allt sem borið er á staðinn. Sjá til þess að þegar svæðið er yfirgefið sé ástand þess jafngott, eða betra en það var áður.

- Siðfræði.* Ef vikið er að klifri í Stardal, skal fyrst minnst á þá hefð, sem brautryðjendurnir hófu og síðan hefur verið við haldið. Sú hefð er að:
 - klifra leiðir með eigin kröftum og kunnáttu
 - nota tækin aðeins til að tryggja fall, þ.e. frjálst klifur
 - nota aðeins þau tæki til trygginga er ekki krefjast hamars við ísetningu, þ.e. hreint klifur.Þessi klifuraðferð eykur sambandið við umhverfið og dregur úr eyðileggingu bergsins.

- Klifurstíll.* Þegar leið er endurtekin, þ.e. eftir að leiðarlögn (leiðin fyrst klifruð og þar með sköpuð) hefur farið fram, gildir eftirfarandi: Að klifra leiðina ekki með lakari stíl en upphaflega var notaður, eða venja er að nota. T.d. má hér til skýringar nefna, að þegar Stúkan var fyrst farin voru notaðir bæði stigar og fleygar, en síðan hefur hún ætíð verið klifruð frjálst og hreint (með hnetum). Er það því hinn gildandi stíll þegar Stúkan er farin. Þessu tengist svo að klifra leið ekki með skaðvænlegri tryggingartækni en venja er, nota t.d. ekki fleyga í leið sem alltaf er klifin með hnetum.

Um leiðarlögn: Sá telst hafa lagt nýja leið, er fyrstur fer, í hvassa enda línunnar, upp áður ofarinn hluta bergs, setur sjálfur inn tryggingarnar á leiðinni, og klifrar spönnina í einni lotu. Þetta er hin fullkomna leiðarlögn.

Að klifra nýja leið í ofanvað (top-rope) telst ekki leiðarlögn, þótt ofanvaðs-klifur sé meinlaust í sjálfu sér og skemmi ekkert.

Stundum þegar nýjar, mjög erfiðar leiðir eru lagðar, er gripið til þess örþrifaráðs er jó-jó nefnist. Í því felst að klifarnir skiftast á að vera í hvassa endanum og bæta við tryggingum upp leiðina. Er þá sigið niður úr efstu tryggingu, skift um mann, sá klifrar síðan í ofanvaði upp að efstu tryggingu og leiðir þaðan og tryggir eins langt og hann getur, sígur niður, skiftir, næsti/hinn fer upp, o.s.frv. Ber mönnum að taka fram, þegar leiðarlagnir eru birtar, ef þær voru jó-jó-aðar. Hin fullkomna leiðarlögn viðkomandi leiðar felst í því að leiða spönnina í einni lotu, án jó-jós og án þess að hafa æft leiðina í ofanvað.

- Áður hefur verið minnst á hversu vel bergið í Stardal tekur við „hreinum“ tryggingum, og nauðsyn þess að vernda bergið. Er því við hæfi að



Vilborg Hannesdóttir að klifra Einhyrning (nr. 59). Ljósm. Snævarr Guðmundsson.

telja hér upp helstu form „hreinna“ tryggingar-tækja. Til þeirra teljast: Náttúrulegar tryggingar (slíng yfir nybbur, gegnum sprungur, um skorðusteina), allar hnetur, *skorður* (eins og „friends“, tri-cams, bivo, o.fl.), krókar (ýmsar gerðir himnakróka/sky-hooks), fleygar (settir í án hamars), o.fl.

1.5 Um notkun leiðarvísisins

Leiðarvísirinn er byggður kringum Yosemite-gráðukerfið (frá USA). Er það vegna þess að fyrstu staðfestu gráðurnar voru samkvæmt því kerfi og aðrar leiðir gráðaðar með þær sem viðmiðun, og því hefur skapast hefð að nota þessar gráður en ekki UIAA-gráðurnar.

Veldur þetta nokkru misræmi við aðra leiðarvísa Ísalp, en til að auðvelda fyrir þeim sem vanari eru UIAA-gráðunum, fylgir hér samanburðartafla yfir þessi tvö kerfi.

UIAA	Yosemite
II	5.2
III	5.3
IV	5.4
IV	5.5
V	5.6
V+	5.7
VI	5.8
VI+	5.9
VII	5.10
VIII	5.11

Nánari upplýsingar um gráður má finna í bókinni Fjallamennska, eftir Magnús Guðmundsson og Ara Trausta Guðmundsson og í 17. tbl. tímarits ÍSALPS.

Höfundar leiðarvísisins hafa tekið þá stefnu að lýsa leiðum ekki alltof nákvæmlega, til að skemma sem minnst ævintýrið í að leiða klifurleið. Leiðarvísirinn byggist því á ljósmyndum, sem sýna hvar leiðirnar eru og lýsingum á sjálfum leiðunum, þar sem eftirfarandi kemur fram:

- 1) Nafn leiðar, ef hún er ónefnd þá bara númer.
- 2) Meðmæli gefin í stjörnum (1–3) eftir gæðum.

Stjörnugjöf:

* Góð leið af sinni gráðu.

** Sérstaklega góður fulltrúi fyrir sína gráðu og falleg lína.

*** KLASSÍSK LEIÐ – vegna staðsetningar sinnar, fallegrar línu, áhrifa sinna á klifrarann og þýðingar sinnar fyrir klifursögu staðarins.

- 3) Gráða og lengd í metrum.
- 4) Hvenær leiðin var fyrst farin (FF), þ.e. hverjir lögðu leiðina og hvaða ár.
- 5) Leiðarlýsing. Skammstafanir eru: Áttirnar, N, S, A og V; h og v (hægri og vinstri) þegar snúið er að leiðunum. Erfiðasti kafli (EK) er nefndur í leiðarlýsingu, þar sem hann er í leiðinni, og er það lykilhluti hennar (crux).
- 6) Ef „sjaldan farin“ kemur fyrir í lýsingunni, skal taka vara á gráðun, því þá hefur leiðin sjaldan eða ekki verið endurtekin. En reynslan hefur sýnt, að erlendir klifrarar hafa staðfest okkar gráður á þeim leiðum, sem þeir hafa farið.
- 7) Tryggingamöguleikar eru nefndir þegar um tortryggðar leiðir er að ræða, eða tekið fram að leiðin sé tortryggð.

2. SVÆÐIN

Til að auðvelda notkun leiðarvísisins og gefa skýrara yfirlit yfir einstök hamraðil, er Stardalshnúk skipt í þrjú svæði. Svæðunum er síðan skipt niður í minni hluta, sem markast af greinilegustu giljum eða eru sjálfstæð hamraðil.

2.1 STARDALSHNÚKUR

VESTURHAMRAR

Óreglulegir stuðlar, flókin sprungukerfi og margar syllur eru einkennandi fyrir vestasta svæðið, þessir þættir gera það að verkum að fátt er um beinar, ákveðnar línur, sem hægt er að klifra. Þetta svæði státar þó af mestu hæðinni, sem hér nær um 40 m. Ein af elstu leiðunum í Stardal, Rennan, er vestast í þessu svæði. Aðrar þekktar leiðir í þessum hluta eru Skrekkur Björns og Scottsleið.

V-1.

62. *West-Side Story*. 5.6 – 15 m.

FF: Jón Geirsson og Páll Sveinsson, 1986. Vestasti stuðullinn í V-1 klifinn utanverður á smáhöldum og jafnvægishreyfingum.

61. *Lísa í Undralandi*. 5.7 – 17 m.

FF: Jón Geirsson og Páll Sveinsson, 1986. Fallegur heilsteypur stuðull klifinn utanverður á fínlegum viðnámshöldum, tortryggður.

65. *Einni of mikið*. 5.6 – 20 m.

FF: Jón Geirsson og Páll Sveinsson, 1986. Regluleg sprunga í víðu horni, milli nr. 61 og 1, klifin beint upp. Varúð: Lausar flögur neðantil.

1. *Ónefnd*. 5.6 – ca. 15 m.

FF: Broddi Magnússon og Páll Sveinsson, 1984. Vestast í V-1 eru 2 samsíða sprungur í rennu, h-sprungunni fylgt á þokkalegum höldum.


2. *Að kvöldi dags*. 5.7 – 20 m.

FF: Michael Scott og Snævarr Guðmundsson, 1986. Stuðullinn utanverður klifinn á fínlegum höldum.

3. *Ónefnd*. 5.6 – 20 m.

FF: Jón Geirsson og Niels Hermannsson. Gleið sprunga v-megin við Rennuna klifin að stalli sem er ofan við sjálfa rennuna.

Vestur-Hamrar (V-1). Leiðir nr. 61 og 1–10. Ljós. Kristinn Rúnarsson.



4. Rennan *. 5.4 – 20-25 m.

FF: Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson, 1978. Farið upp á stallinn (v-megin klifur ca. 5.5; h-megin brölt), af stallinum upp rennuna að slútandi skorðusteini, beint yfir hann (EK) eða til v (léttara) og þaðan áfram upp til hægri.

66. Slæmir vinir. 5.7 – 10m.

FF: Páll Sveinsson og Jón Geirsson, 1986. Farið upp á stallinn fyrir neðan Rennuna (nr. 4). Lengst til h er fingrasprunga. Hún er klifin upp að litlu þaki og þar til h er grunn sprunga. Er henni fylgt upp á aflíðandi stalla (leið 5) og upp.

5. Ónefnd. 50 m.

FF: Björn Gíslason og fl. 1980. Leiðin liggur til v upp augljósa stalla, er góð byrjendaleið í 2 spönnum.

6. Skitan. ca 5.6 – ca. 20 m.

FF: William Gregory og Björn Vilhjálmsson, 1979. Byrjun af stórum stalli, til h framhjá slúti (EK), aftur til v að miðju þaksins og þaðan beint upp, að hallandi syllu (tortryggt). Þaðan er farið beint upp sem leið liggur. Sjaldan farin.

7. Skrekkur Björns *. 5.6 – 40 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1984. Við v-jaðar stóru syllunnar liggur neðri hluti leiðarinnar upp víða sprungu (EK). Af syllunni er farið upp gróf sem liggur að augljósri sprungu (EK) og henni fylgt.

8. Ónefnd. 5.8 – 25 m.

FF: Guðmundur Helgi Christensen og Óskar Gústafsson, 1986. Byrjunin er í augljósu horni v-megin við miðju stóru syllunnar. Horninu fylgt og þaðan beint upp á sylluna. Þaðan er sprungu h-megin við lítið þak (EK) fylgt upp á topp.

9. Scotts leið. 5.6 – 15 m.

FF: Doug Scott og Snævarr Guðmundsson, 1984. Af stóru syllunni, er góðri sprungu í litlu horni, fylgt upp í ógreinilega gróf (EK), úr grófinni í augljósa sprungu og upp.

10. H.P.-leiðin. 5.6 – 15 m.

FF: Guðmundur Helgi Christensen og Páll Sveinsson, 1986. Leiðin byrjar við h-jaðar stóru syllunnar í horni undir litlu þaki. Því er fylgt inn í þrönga gróf, upp á syllu, og þaðan beint upp.

MIDHAMRAR

Stuttir, brotnir stuðlar einkenna austari-hluta Miðhamranna, en tvö reisuleg hamraþil eru í mið- og vesturhluta og gefa þau kost á háum, erfiðum leiðum. Hæð þessara þilja er 20–30 m og halli stuðlanna allt að 90 gráðum.

Eystra þilið (mynd 3) er hærra, allt að 35 m. Hér eru stuðlarnir víða lóðréttir og svo þétt saman, að samskeytin eru víða ekki annað en lokaður saumur, torveldar það tryggingar mjög mikið. Þar eru hamrarnir oft lengi að jafna sig eftir rigningu og stundum flughálir. Þekktasta leiðin í þessum hluta hamranna er án efa Upprisan, sú leið hefur hlotið staðfesta gráðu, eins og Stúkan.

Vestara þilið (mynd 2) einkennist af reglulegum stuðlum og býður upp á fállegar leiðir með öruggum tryggingum í opnum sprungum. Þar eru Skráman og 7 UP vel kunnar.

M-1

11. P.S. (Post Scriptum) *. 5.9 – ca. 8 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson, 1986. Vestasta sprungan á M-1 þilinu. Stutt, mjó sprunga leiðir upp í gróf (EK), grófinni fylgt upp.

63. Örlagahúkkið. 5.7 – 10 m.

FF: Páll Sveinsson og Jón Geirsson, 1986. Af litlum stalli er augljósri en grunnri sprungu (EK) fylgt upp í gróf. Ef sprungan til v efst í leiðinni (sjá mynd 2) er klifin þá er leiðin 5.8.

12. Jaðar. 5.7 – ca. 15 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1984. Jaðri sprungunnar fylgt upp á lítinn stall, upp efsta kaflann með hliðrun t.v. (EK).

13. Stikan. 5.5 – 20 m.


FF: Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason, 1979. Farið upp h-megin upp á auðveldi syllu að flögu, þaðan er augljósri sprungu fylgt upp (EK).

64. Flauelsferðin. 5.10 – 17 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1986. Mjórri sprungu á milli Stikunnar (13) og Flögunnar (14) er fylgt upp á stall. Þar fyrir ofan er stuðullinn utanverður klifinn, fyrst eftir mjórri sprungu að lykilkafnanum (EK), sem er haldlaust jafnvægisklifur að framhallandi syllu. Þaðan beint upp.

14. Flögurnar. 5.4 – 20 m.

FF: Einar Steingrímsson og William Gregory, 1981. Upp sprungu á stall, þaðan utan á flögum að syllu, sprungu fylgt upp.



Mið-Hamrar (M-1), A. Leiðir nr. 63-64, 11-18 og 21. Ljós. K.R.

15. Sveittir fingur. 5.6 – ca. 20 m.

FF: Jón Geirsson og Pétur Ásbjörnsson, 1984.
Regluleg sprunga sultuð að stalli, þaðan beint upp.

16. Skráman *. 5.8 – ca. 20 m.**

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1981.
Farið upp á hallandi syllu, þaðan er sprungu í gleiðu horni fylgt upp (EK).

17. Gegnumbrot *. 5.10+ – ca. 20 m.**


FF: Michael Scott og Snævarr Guðmundsson, 1986.
Utanverður stuðullinn milli Skrámunnar og Lucifers klifinn á smágerðum jafnvægishöldum. Erfiðustu kaflar (EK) eru hreyfingarnar ofan við þakið (tortryggt) og á augljósu egginni þar fyrir ofan. Leiðin er tortryggð. Hefur aðeins verið farin einu sinni og þá var jó-jóað.

18. Lucifer. 5.8 – ca. 20 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1983.
Jaðri stuðuls fylgt inn í gróf, þaðan upp fyrir lítið þak (EK), upp óreglulega sprungu (EK).

19. 7 UP **. 5.8 – 7 m.

FF: Torfi Hjaltason og Einar Steingrímsson, 1981.
Beinni sprungu fylgt með spennitökum, víkkar efst.



Mið-Hamrar (M-1), B. Leiðir nr. 19-21. Ljós. K.R.



Mið-Hamrar (M-2). Leiðir nr. 22–33. Ljós. K.R.

20. Flagið. 5.8 – 12 m.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 1986. Farið er upp beina sprungu í víðri gróf, léttist ofar.

21. 7 UP sykurskert. 5.5 – ca. 10 m.

FF: Jón Geirsson og Þorsteinn Guðjónsson, 1985. Sprungu fylgt upp undir lítið þak, stigið t.v. og upp.

M-2

22. Stubbur. 5.7 – 8 m.

FF: Pétur Ásbjörnsson og Páll Sveinsson, 1985. Leiðin fylgir sprungunni á spennitökum (sjá mynd).

23. Óljós endalok. 5.3 – 12 m.

FF: Ekki vitað. Leiðin liggur í skoru milli Risunnar og stuðla sem halla frá aðalþilinu. Farið upp skoruna. Endir að eigin vali.

24. Rispan *. 5.10 – 17 m.**

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1982. Farið upp skoruna. Það liggur leiðin upp örmjóa en greinilega sprungu h-megin upp úr skorunni. (EK) neðan til, léttist lítilliga ofar. Sjaldan farin.

25. Nýdauður. 5.6 – 30 m.

FF: Jón Geirsson og Páll Sveinsson, 1986. Sama

byrjun og nr. 26 (EK), af stallinum eftir sprungunni til v upp undir lítið þak (EK), sprungunni v-megin við þakið fylgt upp.

26. Upprisan **. 5.6 – 30 m.

FF: Torfi Hjaltason og Snævarr Guðmundsson, 1979. Horninu fylgt upp að stalli v-megin (EK), þaðan upp annað horn á Torfuna (h-megin). Beint upp sprunguna.

27. Upprisan II *. 5.8 – 30 m.


FF: Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson, 1986. Sprungu í horni h-megin við upprunalegu byrjunina fylgt upp á Torfuna (EK), af Torfunni er h-sprungan klifin beint upp (EK).

28. Upprisan III. 5.8 – 30 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Ólafur Baldursson, 1982. Byrjað í næsta horni h-megin við U-II og upp á stall, þaðan er sprungu fylgt (EK) upp á Torfuna og leið nr. 26 fylgt.

29. Ónefnd. 5.7, ca. 40 m.

FF: Guðmundur Helgi Christensen og Óskar Gústafsson, 1986. Byrjun sjá mynd. Brúað upp milli tveggja stuðla (EK) að stórum stalli. Þaðan er augljósum sprungum og stöllum til v fylgt upp.



Stardalshnúkur. Ljós. Björn Vilhjálmsson.

30. Beint af augum **. 5.9 – 30 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1986. Af (þegar komið er á) stóru syllunni er gleiðu horni og sprungu fylgt (EK) beint upp.

31. Snösin. 5.6 – 30 m.

FF: Björgvin Richardsson og Snævarr Guðmundsson, 1979. Lokuðu horni fylgt upp á brík (EK), þaðan farið inn víða gróf og augljósri línu fylgt upp.

32. Nösin. 5.9 – 5 m.

FF: Snævarr Guðmundsson, 1984. Mjórrí en stuttri sprungu (EK) v-megin við leið nr. 31 fylgt uppá bríkina og sameinast henni þar og fylgir eftirleiðis.

33. Klassísk 5.8 **. 5.8 – 25 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1982. Leiðin liggur upp glæsilega og beina sprungu h-megin við leið nr. 31.

34. Stallar. 5.3 – 30 m.

FF: Ekki vitað. Byrjað á stórrí, svartri syllu, austan

við leið nr. 33. Góð byrjendaleið í svipuðum stíl og Leikvöllurinn (37). Skorningi fylgt upp í gróf, þaðan eru mismunandi leiðir færar (EK).

35. Ungmenní. 5.4 – 9 m.


FF: Einar Steingrímsson, Torfi Hjaltason og Snævarr Guðmundsson, 1979. Austast í M-2 er lítið þil. Mitt í þílinu mynda 2 sprungur og brotinn stuðull leiðina (sjá mynd).

AUSTURHAMRAR

Austurhluti Stardalshnúks er skorinn sundur af tveimur greinilegum gilskorningum og myndar þannig þrjú misstór klettaþil. Þílin eru 10–25 m há, lægst austast, en hæst og brattast er stolt svæðisins, Leikhúsið. Í Austurhömrinum er gott úrval leiða, enda sá hluti Stardals er mesta athygli hlaut fyrstu árin, og því er þar að finna fulltrúa fyrir flestar erfiðleikagráður. Þílin snúa að mestu leyti til austurs, þess vegna er best að byrja daginn þar, meðan sólin vermir klettana.

MÍÐ-HAMRAR

A-HAMRAR



Leikhúsið (mynd 5) er hringmynduð stuðlabergshvelfing. Í v-hluta hennar er ein þekktasta leiðin í Stardal, Stúkan. Hún er fyrsta leiðin í hnúknum sem fékk staðfesta gráðun. Innst í Leikhúsinu h-megin við Stúkuna er Leikhúsloftið, þar hefur brotnað neðan af stuðlunum og eins og hálf meters bak eða slút myndast.

A-megin við Leikhúsið eru tveir klettaranar, gengur annar þeirra niður af Leikhúsinu og myndar bogadregið þil, að hluta til í gili. Þar eru margar og vinsælar leiðir, eins og Flagan og Níán (líka nefnd Faðmlagið).

A-1

36. Ónefnd. 5.3 – 10–12 m.

FF: Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson, 1978. Leiðin er augljós, fyrsta greinilega grófin frá s-brún klettarana.

37. Leikvöllurinn *. 5.2–6.

FF: Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson, 1978. Hér er um nokkra möguleika að ræða, mis-

munandi erfiða. Auðveldasta leiðin er: Upp á lága syllu, beint upp sléttan vegg (5–6 m), til h yfir í næstu sprungu og síðan beint af augum. Erfiðasta leiðin er sennilega beint upp vegginn að og upp á syllu og örlítið til v upp.

38. Kamburinn. 5.6 – 20 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Yngvi, 1979. Sjaðri Leikhússins fylgt eftir augljósri sprungu, EK neðst.


A-2. LEIKHÚSIÐ

39. Að tjaldabaki. – ca. 18 m.

FF: Hermann Valsson og John Burns, 1980. Augljós leið upp gróðursælasta hluta Leikhússins, hliðrun til h í lokin.

40. Leikhúsgrýfjan *. 5.7 – 20 m.

FF: Ekki vitað. Aðalerfiðleikarnir felast í augljósri sprungunni, tortrygð, léttist er ofar dregur.



Leikhúsið (A-2). Leiðir nr. 38-43. Ljós. K.R.

41. Hvíslarinn. 5.4 – 20 m.

FF: Ekki vitað. Augljós leið. Tilvalin sem fyrsta leið í Leikhúsinu.

42. Stúkan *. 5.6 – 20 m.**

FF: Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason, 1979. Farið uppundir augljóst þak (EK) og sveigt til h. Þaðan er skemmtilegri sprungu fylgt upp. Ef farið er h-megin við byrjunarstuðulinn og beint í sprunguna er leiðin erfiðari, 5.7 (sjá mynd, Afbrigði, 42A).

43. Efri svalir. ca. 5.7 – 20 m.

Hefur ekki verið leidd, en farin sem annar maður úr Stúkunni. Leið 42 fylgt fyrsta kaflann eða rétt upp fyrir h-hliðrunina undir þakinu. Þar er síðan 2-3 m hliðrun til h í sprungukerfið sem myndar Efri svalirnar. Þeirri sprungu fylgt að og yfir 2 lítill þök og upp.

A-3.

44. Undir sama þaki. 5.7 – 10 m.

FF: Ekki vitað, ca 1984. Upp sléttan vegg (EK), af syllu upp undir þakið, öðru hvoru megin við það (EK).

45. Ónefnd. 5.4 – 10 m.

FF: Ekki vitað. Upp á stóra syllu, upp sprunguna v-megin (EK).

43

46. Ónefnd *. 5.6 – ca. 12 m.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, ca 1981-82. Aðalerfiðleikarnir eru í neðri hluta sprungunnar.

47. Ónefnd. 5.4 – ca. 18 m.

FF: Ekki vitað, ca. 1979. Leiðin liggur á nokkuð óreglulegum stuðlum, óljós.

48. Ónefnd. 5.5 – 15 m.

FF: Ekki vitað. Leiðin er augljós, (EK) er fyrir miðju við örlítið slút.

49. Númer 5 **. 5.6 – ca 16 m.


FF: Björn Vilhjálmsson og William Gregory, 1980. Þessi gráðun miðar við að farið sé v-megin við stóran stein, sem lokar botni sprungunnar, og upp v sprunguna þar fyrir ofan. Leiðin er léttari ef farið er h-megin við steininn og upp h sprunguna (ca. 5.5).

50. Númer 6. 5.6 – ca. 16 m.

FF: Björn Vilhjálmsson og William Gregory, 1980. Leiðin er augljós, beint upp sprunguna.

51. Flagan **. 5.3 – ca. 18 m.

FF: Einar Steingrímsson og Björn Vilhjálmsson, 1978. Fyrsta leiðin í Stardal, klassísk byrjendaleið.



Austur-Hamrar (A-3), A. Leiðir nr. 44–56. Ljós. Einar Steingrímsson.

Farið er beint af augum upp sprunguna að flögunni, með henni h-megin og upp.

52. Vonbrigði. 5.3 – 15 m.

FF: Ekki vitað, ca. 1980–82. Næsta sprunga h-megin við Flöguna, henni fylgt, tryggt með slingum.

53. Hitt slabið. 5.6 – 15 m.

FF: Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 1982. Greinilegt slab með 3 þversprungum myndar skemmtilega og áhugaverða viðnámsleið. Tryggingar aðallega í h-sprungunni.

54. Ypsilon. 5.5 – 15 m.

FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 1983. Upp sprunguna að þaki fyrir miðjum vegg (EK), farið v-megin við þakið. Verður léttari er ofar dregur.

55. Ónefnd. 5.5 – 15 m.


FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 1983. Sama byrjun og nr. 54, en farið h-megin við þakið og upp.

56. Níán eða Faðmlagið **. 5.7 – 17 m.

FF: Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson, 1980. Byrjað undir smáþaki, farið til v út á sléttan vegginn (EK), beint upp að næsta þaki og yfir það



Austur-Hamrar (A-3), B. Leiðir nr. 53–56. Ljós. K.R.



Austur-Hamrar (A-4). Leiðir nr. 57-60. Ljós. K.R.

(EK). Auðveldari leið er til v, framhjá seinna þakinu.

A-4.

57. Ónefnd. 5.3 – 7–8 m.

FF: Einar Steingrímsson og Björn Vilhjálmsson, 1978. Leiðin er augljós.

58. Ónefnd. 5.3 – 8–9 m.

FF: Einar Steingrímsson og Björn Vilhjálmsson, 1978. Leiðin er augljós.

59. Einhyrningurinn **. 5.9 – ca. 12 m.

FF: Snævarr Guðmundsson, Michael Scott og Páll Sveinsson, 1986. Viðnámsleið, ef stuðullinn er klifinn án þess að nota handfestur á jöðrunum, beggja vegna. Var fyrst farin 1983 og h-jaðar fylgt (5.8). Tryggt í sprungu v-megin.

60. Ónefnd. 5.4 – 10–12 m.

FF: William Gregory og Björn Vilhjálmsson, 1980. Fylgir stuðlinum, nær þakinu v-megin.

2.2. STIFTAMT

Stiftamtíð er sá hluti Amtanna sem snýr í austur og blasir við þegar horft er til vesturs frá Stardalshnúknunum. Það er samfellt þil, allt að 20 m hátt og án mótadra, áberandi stuðla og er að því leyti ólíkt nágranna sínum, Stardalshnúk. Athygli manna hefur því ekki beinst að þessu þili og er engri leið þaðan lýst í þessum leiðarvísí.

Annar hluti Amtanna sem býður upp á klifur og hér er nefndur Suður-Amt, er sunnan við Stiftamtíð. Suður-Amtíð hefur ekki eins stórt þil og Stiftamtíð en býður samt upp á nokkra leiðamöguleika. Þaðan er heldur engum leiðum lýst. Ástæðan fyrir að Stiftamtíð og Suður-Amtíð fljóta með í þessum leiðarvísí er, að þegar menn fá leið á að grafa upp nýjar leiðir í Stardal (nú þegar er orðið erfitt að finna nýjar, sæmilega léttar leiðir), þá er gott að vita af þessum tveim þiljum, með óaftappaða möguleika.



Fjallgönguskíðun eða Alpin Touring

EFTIR SIGMUND K. RÍKARÐSSON

Já tilfellið er, það eru liðin tíu ár síðan ég kynntist fjallgönguskíðun og sennilega jafn langt síðan fyrstu skíði þessarar gerðar komu til landsins. Eins og flest í sambandi við skíðamennskuna, sá ég þetta fyrst hjá Arnóri vini mínum, en við höfum alla tíð síðan 1965, er við stunduðum Ármannsskálann í Jósefsdal, verið mikið fyrir fjallgöngur með skíðun. Við vorum nú ekki einir um þessa árattu, því það hafði lengi tíðkast í Ármanni að fara á önnur fjöll eða jökla þegar kom fram á vor og félagarnir gerðust þreyttir á kúltúrskiðun og skálastressi. Var hvítasunnunni þá iðulega varið í Tindfjölum eða á Fimmvörðuhálsi. Seinna bættust við Snæfellsjökull, Hekla, Langjökull, Eyjafjallajökull og fleiri fjöll. Útbúnaðurinn í þessum ferðum var venjulegur svigbúnaður. Skíðin voru ýmist borin á öxlinni eða bundin lárétt á bakpokann. Seinna er plastskórnir komu og framhallinn jókst, þreyttust sumir á að ganga á svigskóm og tóku það til bragðs að stinga þeim í bakpokann og ganga upp á fjallgönguskóm. Þetta gekk ágætlega á heitum dögum og í stuttum ferðum, en ef kalt var og rok, var ekkert grín að komast í skóna, maður varð krókloppinn á höndum og stokkfraus á fótum, svo niðurferðin snérist stundum upp í algera kvöl. Auk þess bættust þrjú til fjögur kíló á bakið og urðu því langar ferðir óaðlaðandi.

Það var því alger himnasending veturinn 1976 þegar fyrstu fjallgönguskíðin bárust okkur. Þetta voru stutt tréskíði, um 170–180 sm, með gormabindingum. Táklemman var á löm framan við tána, svo hællinn var laus á göngu. Krókar voru til að krækja niður gorminn við hælinn fyrir niðurferðina. Einnig fylgdu skinn, sem spennt voru með ólum undir skíðin. Kostirnir voru augljósir, einir skór og hægt að setja skíðin á sig niðri og bera þau á fótum sér upp. Gangan sjálf varð léttari, þar sem maður sökk ekki í hverju spori og tók lengri skref.



HUUUBLA í Henglinum. Ljós. Sigmundur Ríkharðsson.

Við vorum um þessar mundir að undirbúa ferð á Örafajökul og vildum endilega geta rennt okkur niður – þetta er 2000 m hæðarmunur og leiðin 15 km. En okkur hras hugur við að þurfa að bera skíðabúnaðinn upp. Nýju skíðin voru því prófuð í nokkrum ferðum í nágrenni Reykjavíkur um veturinn, t.d. í Hengli og Botnssúlum. Ekki vorum við þó allskostar ánægðir með búnaðinn. Skíðin og bindingarnar voru ágæt – létt í burði, samanborið við 205 til 210 sm skíðin sem við vorum vanir, góð á göngu og vel mátti setta sig við þau á niðurferðinni. Aftur á móti komumst við ekki upp á lag með að renna okkur í fjallgönguskónum. Þeir voru bæði of lágir og linir til að varið væri í að renna sér í þeim, svo enn urðum við

að hafa tvenna skó – líka vegna þess að skinnin voru spennt undir skíðin með ólum, sem komu út yfir kantana. Þetta gerði það að verkum, að þegar genginn var hliðarhalli í harðfenni, sem ekki markaði í, gat orðið ógerlegt að fóta sig. Varð þá að axla allan skíðabúnað og spora eða brodda sig áfram. Eftir að límskinnin komu, ásamt skíðabroddum, er þessi vandi úr sögunni að mestu.

Nú, ferðin á Öræfajökul var farin vorið '76 og vorum við fjórir sem fórum: Sigurður Guðmundsson, Arnór Guðbjartsson, Sigmundur Ríkarðsson og Helgi Benediktsson, en hann var þá nýr í hópnum. Okkur þótti nauðsynlegt að læra lítillega um meðferð mannbrodda, ísaxa og línu, fengum Helga til að kenna okkur og endirinn varð sá, að hann slóst í hópinn. Má segja að þarna hafi slegið saman tveimur „dellum“ – við fengum klifurdellu, en Helgi skíðadellu – og hefur þessi samruni getið af sér margar góðar ferðir, sumar frægar, aðrar landsfrægar og nokkur „first“: Mt. McKinley, Loðmundur í Kerlingarfjöllum, nokkrar leiðir í Esju o.fl. o.fl.

Leiðin sem valin var á Öræfajökul var óvanaleg og trúlega fyrsta „firstið“ á fjallgönguskíðum hérlandis. Lagt var upp frá Svínafelli – upp Svínafellsheiði, niður á Hvannadalshrygg hjá Skarðatindi – vestan Dyrhamars, upp á hrygginn norðan hans og upp á Hvannadalshnúk. Niður var farið í suður af hnúknum, síðan vestur af Dyrhamars hrygg – sunnan Svínahryggjar, niður á miðjan Svínafellsjökul og fram hann miðjan – langleiðina niður á sporð, og þaðan að Svínafelli. Ferðin tók um 16 tíma í stórgóðu veðri, sól, en helst til miklum hita. Snjórinn varð allt of gljúpur en líða tók á daginn, skíðafærið þyngdist og nokkur snjóflóð fóru af stað. Leiðin hjá Skarðatindi var valin til þess að geta skoðað niðurleiðina vel, en það hefur verið regla hjá okkur að þekkja vel leiðina sem fara á niður. Þetta varð ein minnistæðasta ferðin sem við höfum farið.

Fjallaskíðaútbúnaður

Varðandi búnaðinn eins og hann er í dag, þá hefur hann þróast í átt til léttleika, fjölhæfni og öryggis.

Skíðin: Þau eru valin í lengdum frá líkamshæð til +20 sm, eftir getu hvers og eins. Gerð úr gerfiefnum og stáli, tiltölulega breið, nokkuð innskorin, nema sérstakar gerðir ætlaðar fyrir púður eða mjöll. Gott er að hafa göt í hæl og tá, svo það megí draga þau á eftir sér eða breyta í sjúkrasleða.

Almennt þykir réttara að velja stífari skíðagerðir fyrir Ísland, heldur en púðurgerðirnar, vegna harð-

fennisins hér. Sveigjanlegri skíðin eru hins vegar betri í púðurfæri. Einnig má nota stutt svigskíði og laga þau að fjallaskíðun.

Bindingar: Fram undir 1985 notaði ég gormabindingar frá Silvretta. Þóttu þær mjög góðar, vegna þess hve vel þær héldu niðri hælum á niðurferðinni – voru einfaldar og sterkar, og höfðu einfalt öryggi. Helsti ókosturinn var, að það þurfti að taka af sér skíðin til að skipta milli göngu og rennslis. Til þess að fara í bindingarnar, þurfti að beygja sig niður og nota báðar hendur, en þessi litla aðgerð gat snúist upp í minniháttar mannraun, ef maður var með 15 kílóa bakpoka og í slæmri aðstöðu.

Í dag er til ótrúlega fjölbreytt úrval fjallgöngubindinga. Sumar úr plasti, aðrar úr áli eða stáli og allskonar samsetningar úr þessum efnum. Margskonar öryggi eru til, allt frá þriggja–stefna til allra–stefna. Sjálfsagt er að velja ístigs (step-in) öryggisbindingar með úrstigi, sem stjórnað er með skíðastaf – sama gildir um „háahælinn“ (slá sem slegið er undir hælinn til að létta göngu upp í móti). Bindingarnar mega ekki vera breiðari en skíðin eða skósólinn – það þyngir göngu í þungu færi og gerir festingu á bak-



Sennilega fyrsta myndin af fjallgönguskíðun á Íslandi. F.v. Skúli Þorvaldsson á tréskíðum með göngubindingar, en svigskíði á pökunum. Sigmundur Ríkarðsson á þrúgum til sammanburðar og með stórsvigskíði.

Arnór Guðbjartsson á svigskíðum með mixaðar göngubindingar. Bjarni Sveinbjörnsson á Hot Doggers með mixaðar göngubindingar. Úr safni Sigmundar.



Á Örfajökli. Ljós. Sigmundur Ríkarðsson

poka erfiðari. Nauðsynlegt er að geta komið fyrir sérstökum broddum milli bindinga og skósóla.

Öryggisólar ættu allir að hafa, til að tapa ekki frá sér skíðunum í harðfenni eða týna þeim í lausamjöll.

Skin: Í dag hafa límskinn leyst spenntu skinnin alveg af hólmi. Þau eru alveg föst á skíðunum, en þau spenntu vildu gjarnan snúast upp á skíðin í hliðarhalla og náðu kantarnir þá ekki að grípa. Var þá ekki um annað að ræða en að axla skíðin.

Límið í límskinnunum er gúmmílím, sem ekki harðnar og grípur því mjög vel í sólann. Með tímanum gefur það sig þó og er þá nauðsynlegt að endurnýja það. Þegar límið er endurnýjað, verður að gæta þess að það sé ekki of blautt þegar skinnin eru sett á skíðin, því þá smyrst of mikið af líminu við sólann og það dregur úr rennslinu á niðurferðinni. Þegar skinn eru sett undir, verður að gæta þess að þau hylji ekki kantana. Skinnin fást úr tvennskónar efni, mohair og nylon, og gefur mohair meira rennsli.

Skíðastafir: Til eru sérstakir stafir fyrir fjallgöngu-skíðun. Hægt er að stilla lengdina og hafa krók, líkan og á ísexi, á handfanginu. Þetta eru ágætir stafir, en ekki nauðsynlegir. Venjulegir stafir með góðu hand-

fangi duga ágætlega. Hugmyndin bak við stillanlegu stafina er sá að geta í hliðarhalla haft stuttan staf ofan við sig, en lengri fyrir neðan. Það endist bara enginn til stilla stafina allan daginn og grípa því bara mishátt í stafina eftir aðstæðum. Það besta við stillanlega stafi er að minna fer fyrir þeim í farangri. Krókurinn á handfanginu er til að stöðva fall. Öryggisólar á skíðastafi ætti enginn að nota, því í falli geta stafirnir festst undir manni og hendurnar með, svo útilokað er að beita þeim við að stöðva sig.

Skór: Sambyggðir fjallgöngu- og skíðaskór eru þeir einu sem koma til greina í dag. Allt annað kostar bara basl. Eina undantekningin er, að nota má svigskó í mjög stuttum ferðum í vorsnjó. Skórnir þurfa að vera mjög vel einangraðir, með grófum gúmmísóla og stillanlegum framhalla.

Bakpoki: Þægilegt er að hann sé með skíðafestingum – í öllu falli, að hægt sé að festa skíði á hann.

Annar búnaður: Sami og í jöklaferðum og fjallgöngu-um að vetri til s.s. mannbroddar, línur, sjúkrakassar, snjóflóðasendir, snjóflóðastangir o.þ.h.



Útbúnaður fjallaskíðamanns. Hællinn er „laus“ þannig að hægt er að festa hann þegar skíðað er niður. Ljós. Þorsteinn Guðjónsson.

Sérstakur búnaður: Erlendis er hægt að fá sérstakar spangir og dúk til að útbúa sjúkrasleða úr skíðum. Með svolíttilli æfingu er líka hægt að útbúa þetta úr skíðum, stöfum og línun.

Besti tíminn

Besti tíminn fyrir fjallgönguskíðun, hér á landi og víðar er í apríl og maí. Þá er snjórinn yfirleitt bestur, veður hægari og dagurinn langur. Annars koma allir árstímar til greina, en þá aukast líka hættur s.s. á harðfenni, ís, sprungum, snjóflóðum og óveðri. Þessu fengum við félagarnir að kynnast er við fórum að fara fyrr á veturna. Eitt sinn komum við af stað snjóflóði í Esjunni, sem tók tvo okkar niður þröngt gil um 150–200 m. Þeir sluppu með skrekkinn. Þó var annar nær kafnaður, er hann náði sér upp úr flóðinu. Ástæðan fyrir óhappinu var, að við grófum ekki snjóflóðaprófil og tókum ekki til greina augljós merki um hættuna s.s. sprungur í snjóþekjunni. Í annað skipti féll félagi á harðfenni – nánast ís – rann um 150 m, lenti á grjóti og slasaðist lífshættulega.

Ástæðan fyrir fallinu: Við vorum að renna okkur, þar sem við hefðum átt að vera á broddum. Í þriðja skiptið vorum við á Mt. Rosa, í 4300 m hæð, á eftir öðrum hópi, og höfðum því ekki tekið nægilega vel eftir leiðinni og stefnunni, er fárviðri skall á. Við komumst niður ca. 300 m, en töldum okkur þá stefna í hrap og kunnum ekki betra ráð en grafa okkur niður. Það gekk illa, þar sem grunnt var á ísinn. Svona stutt óveður á háfjöllum eins og Rósu eru frekar undantekning en regla og við höfðum skilið allan búnað til næturdvalar á fjallinu eftir niðri. En heppnin var með okkur því um morguninn rofaði til og við náðum niður, kalnir og hrelldir.

Ég held að þessi dæmi sanni að fyllstu aðgátar er þörf í ferðum sem þessum og er nauðsynlegt fyrir fólk að læra að þekkja hættur, krækja fyrir þær eða snúa frá. Þetta verðlaunast á góðum dögum, þegar hægt er að gera hvað sem er, og þá þarf ekki að hugsa til þeirra sem liggja sárir.

Fjallaskíðaleiðir

Leiðir í nágrenni Reykjavíkur eru margar. Auk svæðanna í kringum skíðasvæðin, eru mjög skemmtilegar leiðir norður af Skálafelli, í Móskaðshnúkum, Grafardal í Esju, Þverfellshorni í Esju að Mógilsá, margar leiðir í Botnssúlum o.fl.

Snæfellsjökull er alltaf vinsæll og býður upp á margar leiðir, en algengust er leiðin frá Dagverðará – um 1350 m. Margar skemmtilegar leiðir bjóðast á norðanverðu Snæfellsnesi. Hekla er yfirleitt aðgengileg að vestanverðu á vorin. Tindfjöll bjóða upp á margar skemmtilegar leiðir, bæði að sunnan-, norðan- og að austanverðu. Á Eyjafjallajökli eru margar leiðir. Vinsælust og aðgengilegust er leiðin frá Seljavöllum. Falljökullinn er þó mitt uppáhald og nánast fastur liður hjá okkur félögunum. Hann krefst þó bestu kringumstæðna í veðri og snjó sökum þess hve hann er sprunginn.

Ég hef í þessari grein aðeins nefnt nokkrar leiðir, en auðvitað eru um allt land stórskemmtilegar og spennandi leiðir, sem bíða fjallgönguskíðafólks. Í Alpalöndunum er víða boðið upp á ferðir á fjallgönguskíðum. Einnig er boðið upp á námskeið.

Ég vona að þessi skrif verði einhverjum til gagns – en umfram allt, setjið öryggi og varkárni ofar öllu.

SKI HEIL

Sigmundur K. Ríkarðsson

Ferðist ódýrt Gistið á farfuglaheimilum



Kynnið ykkur
ferðapjónustu
Farfugla

Bandalag Íslenskra Farfugla

Icelandic Youth Hostels Association
Laufásvegi 4I, Reykjavík
sími 24950

Þessir hafa styrkt útgáfuna

Útivist

Lækjargötu 6 – Sími 14606

Rafkraft hf.

Grensásvegi 5 – Sími 81750

Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1 – Sími 686312

Teigabúðin

Kirkjuteig 19 – Sími 32655

Verkfræðistofa Guðmundar Magnússonar

Hamraborg 4 – Sími 42200

Radíóbúðin

Skipholti 19 – Sími 29800

Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf.

Tjarnargötu 18 – Sími 20400

Prentstofa Guðjóns Ó. hf.

Þverholti 13 – Sími 27233, 27263

Kolburstagerðin Kórall sf.

Vesturgötu 55 – Sími 16484

Hárprýði

Háaleitisbraut 58–60 – Sími 32347

Nýborg hf.

Skútuveg 4 – Sími 686755

Vestfjarðaleið

Sætúni 4 – Sími 29950

Veitingahúsið við sjávarsíðuna

Tryggvagötu 4–6 – Sími 15520, 621485

Ekki hættur

VIÐTAL VIÐ
MAGNÚS
HALLGRÍMSSON



Oft vill það brenna við um efnilega og frækna fjallamenn að garpskapurinn minnkar með árunum. Upp úr þrítugsaldrinum lenda fjallaskórnir á hillunni, ísöxin fær að ryðga óhreyfð og skíðin fína niðri í kjallara. Slíkir menn ganga gjarnan í flokk svokallaðra stofufjallamanna („armchair climbers“).

*En þetta hendir ekki alla, sem betur fer. Magnús Hallgrímsson er einmitt dæmi um einn slíkan sem hvergi slakar á þó kominn sé á miðjan aldur. En hver er Magnús Hallgrímsson? Allir sem stundað hafa fjallaferðir að einhverju marki hafa heyrt hans getið. Hann er einn af landsins mestu sérfræðingum um snjóflóð og verkfræðingur að atvinnu. Ungur lagðist hann í ferðalög um fjöll og firnindi og hefur um áratugi verið í **fremstu röð meðal** íslenskra fjalla- og ferðamanna. Um langt árabil hefur hann verið einn helsti forystumaður Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík.*

Okkur lék forvitni á að ræða við Magnús og um leið að gefa lesendum ÍSALP tækifæri til að kynnst betur þessum síunga fjallamanni. Við sóttum Magnús heim eitt kvöldið nú í febrúar og hann sagði okkur sitt af hverju frá ferli sínum.

– Upphafid, Magnús?

– Ja, kannski er best að taka það fram strax að ég er frá Akureyri og var alinn þar upp. Á þeim árum, milli 1940–50, var komin nokkur hefð á fjalla- og ferðamennsku þarna fyrir norðan.

Ég hóf mína ferðamennsku með Kristjáni eldri bróður mínum, sem nú er látinn og Tryggva Þorsteinssyni skátahöfðingja, sem var mikill útilegumaður. Þetta hefur verið svona um fermingu, byrjaði sem sagt mjög ungur. Skátafélagið átti skála, og voru farnar ferðir í þessa skála, en einnig fórum við í tjald- og snjóhúsaútilegur. Við notuðum mikið skíði í þessum ferðum, það voru tréskíði með gormabindingum, svokölluð „tour“-skíði.

– Hvert fóruð þið helst?

– Mennt voru náttúrulega á þessu Eyjafjarðarsvæði. Gengið á fjöll í kringum Glerárdalinn, Kerlingu, Þríklakk og Súlur, sem voru beint upp af skálanum okkar. Annar skáli var í Hörgárdal. Þaðan var gengið á Vindheimajökul, Strýtu og fleiri fjöll.



Á Örfæjökli páskana 1965. Úr safni Magga Hall.

Svo var náttúrulega gengið á önnur fjöll við Eyja-fjörðinn. Þetta voru oft nokkura daga túrar.

– *Hvernig voru þessar ferðir, útbúnaður og fleira?*

– Nú þetta voru mikið snjóhúsaútilegur, byggður „Igloo“ að sið Eskimóa, svo notuðum við einnig tjöld. Annar útbúnaður var þessi sami og notaður er í dag, ísaxir og kaðlar a.m.k. þeir sem það áttu. Ullin var grundvallaratriði í klæðnaðinum. Stakkar og síðan einhvers konar bómullar skíðabuxur. Hnébuxur voru ekki komnar til sögunnar, samt verð ég að segja að ótrúlega lítil breyting hefur orðið á fatnaði þótt margt hafi bæst við.

– *Hvenær fórstu svo í fyrstu lengri ferðina?*

– Það var nokkuð snemma, ætli það hafi ekki verið páskatúr 1948. Þá fórum við í tjaldútilegu í Glerárdalinn, með tveggja manna tjöld, botnlaus og reimuð saman. Í snjóhúsum líka að sjálfsögðu.

– *Klifruðuð þið eitthvað á þessum árum?*

– Ekki beint, nema kannski sem hluti af því að komast á fjöll. Notaðir voru kaðlar, ísaxir og broddar.

– *Svo kemur hugmyndin að ganga yfir hálendið að vetrarlagi?*

– Það var 1951, sem ég fæ fyrst hugmyndina. Þá

lenti ég með Bretum í skólaleiðangri, sem fulltrúi frá MA. Þetta var leiðangur með samtökum sem stofnuð voru af einum af félögum Roberts F. Scotts frá Suðurskautsleiðangrinum 1910–12, og hétu British Schools Exploring Societies. Leiðangur þessi var að sumarlagi og með aðalbúðir á Kili. Þarna vorum við u.þ.b. 70 strákar í 5–6 vikur. Gengið var á hin ýmsu fjöll og meðal annars á Hofsjökul. Ég fór ásamt einum öðrum alla leið á vestanverða hábunguna, í björtu og góðu veðri. Datt þá í hug að ganga norður, þ.e. heim. Það varð nú ekki, en þarna fæddist sem sagt hugmyndin.

Það má geta þess að þessi leiðangur var svolítið sérstakur. Undir lokin var farið í mjög langan göngutúr, austur í Vatnajökul, og var markmiðið að komast í Grímsvötn. En það viðraði illa. Þá lenti ég í smá viðræðum við foringjann, hann hélt að Gæsa-vötn væri sama og Geysir, og þar væri að finna heitar laugar. Ætlaði sem sagt að rölta þarna norður fyrir í það. Þegar hið rétta kom í ljós, var hætt við það. Ákveðið var að senda nokkra í Grímsvötn. Menn þessir voru valdir eftir skófatnaði sem var farinn að linast. Mér tókst að troða mér í þennan hóp, þó mínir skór væru orðnir heldur bágbornir. Það lá þó ekki fyrir okkur að komast í Grímsvötn, því við lentum í



Á skíðum með höfuðband. Úr safni Magga Hall.



Í Hnútudal neðan Pumals 1959. Úr safni Magga Hall.

fárviðri. Svo það var snúið við og rölt til baka í búðirnar á Kili.

– *Svo kemurðu suður?*

– Já, 1952 fer ég suður til að stunda nám í verkfræði. Við höfðum stofnað flugbjörgunarsveit fyrir norðan, svo að þegar ég kom til Reykjavíkur þá gekk ég í sveitina þar. Það má geta þess til gamans, að ég var fyrir norðan þegar leitinn var gerð að Geysi á Vatnajökli. Var kallaður út, en gleymdist. Átti nefnilega heima syðst í bænum og það gleymdist að koma við hjá mér. Þetta var svolítið súrt á meðan á því stóð.

– *Grænland, fyrstu ekki þangað einhvern tímann á þessum árum?*

– Jú, það var sumarið 1953. Þetta var danskur leiðangur undir stjórn hins þekkta Lauge Koch. En hann var farinn að eldast þegar þetta var, og sennilega sá síðasti sem eftir var af „hundasleða könnuðunum“. Leiðangur þessi var vísindaleiðangur, þá aðallega jarðfræðirannsóknir. Við vorum mest á svæði í kringum King Oscars-fjörð á Austur-Grænlandi. Það var tilviljun að ég komst í þennan túr. Leiðangurinn kom við í Reykjavík og vantaði mann, ég réði mig og flaug til Grænlands með Catalina flugbát tveimur dögum seinna. Grænland er alveg feikilega skemmtilegt og spennandi land.

– *Síðan fylgdirðu eftir þessari hugmynd um að ganga yfir landið?*

– Já, veturinn 1956. Við fórum norður yfir landið

frá Sandá á Kili, og niður í Eyjafjörð. Ferðin gekk ágætlega. Við fórum í einum áfanga frá Kerlingafjöllum, yfir jökulinn norður í Laugafell, 70–80 km vegalengd og 1000 m hækkun. Þegar við komum norður yfir Hofsjökul tók svolítið óvænt við, vatnskrap. Þetta ösluðum við, og vorum 6 daga á leiðinni norður. Þeir sem voru með í þessari ferð voru Leifur Jónsson, Jóhann L. Jónsson, Haukur Árnason, Eiríkur P. Sveinsson og Óli B. Hanneson. Nú síðan var farinn afmælistúr árið 1976, þá fórum við frá Gullfossi og norður eftir. Vorum 8 daga á leiðinni. Þá voru aðeins ég og Leifur eftir af upprunalega liðinu en ásamt okkur voru í ferðinni þeir Halldór Ólafsson, Stefán Bjarnason, Helgi Stormur Ágústsson og Guðmundur Sigvaldason.

– *Þú fórst til náms í Kaupmannahöfn. Var ekki lítið um túra á þeim árum?*

– Minna skulum við segja. En ég var alltaf eitt-hvað á ferðinni. Árið 1959 fórum við norður yfir Vatnajökul að vetrarlagi. Það var þannig að við ákváðum þessa ferð. Töluðum við marga spaka menn, um hvaða leið væri best að fara upp á jökulinn. Planið var síðan að ganga á Hnúkinn og síðan yfir. Bakplanið var að fara þeim megin við jökulinn þar sem veðrið væri betra. Við flugum austur á Fagurhólsmýri í skítviðri og SA-átt þannig að við völdum vesturleiðina. Samkvæmt ábendingum spöku mannanna var Skeiðarárjökull ófær. Við gistum hjá Jakob í Bólta í Skaftafelli. Hann lýsti ágætri



Ferðafélagar við skálann í Laugafelli, nýkomnir af Hofsjökli 1956. Úr safni Magga Hall.



Tjaldstæði á Skeiðarárjökli undir Færunestindum 1959. Úr safni Magga Hall.



Úr Kverkfjallaleiðangri 1979. Úr safni Magga Hall.

leið upp úr Kjósinni, upp í Hnútdal og síðan á jökulinn á milli Þumals og Miðfellstinds. Þetta reyndist gjörsamlega ófær leið. Við lentum á hjarnbrekkum, og tókst ekki að finna færa leið á jökulinn. Reyndum m. a. að síga niður í gilið hjá Miðfellstindi, í þeirri von að hægt væri að forfæra dótíð, en það tókst ekki. Ragnar á efri bænum í Skaftafelli sendi okkur skilað um aðra leið, og þótti honum miður að við skyldum ekki líta við hjá sér, en við þekktum lítið til þarna í sveitinni. (Ath. þetta er löngu áður en árnar á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi voru brúaðar.) Reyndar hafði ég séð Skeiðarárjökulinn af sandinum og leist ekkert illa á hann. Okkur hafði seinkað um 2 daga með þessu Kjósarævintýri. Við ákváðum því bara að skella okkur í andsk. Jökulófærana. Það er skemmst frá því að segja að það reyndist hið minnsta mál. Við vorum síðan 7 daga á leiðinni norður. Við leituðum að skálanum á Grímsfjalli, en fundum hann ekki vegna þoku og snjókomu. Daginn eftir, þegar við vorum lagðir af stað, fundum við skálann en ákváðum að koma ekki þar við. Ástæðan fyrir því var sú að það aukast líkurnar á því að þú farir ekki lengra þann daginn ef þú kemst í skála, sérstaklega ef veður er vont. Þá er bara að gera eins og við gerðum, halda áfram.

– Það sést á myndum að þið hafið notað höfuðbönd á bakpokana?

– Já, það er alveg stórsniðugt. Fengum hugmyndina af myndum sem við sáum af burðarmönnum í fjarlægum löndum. Bandið þarf að vera breitt, síðan tengt í bakpokann yfir ennið. Með þessu fær maður meiri fjölbreytni á skiptingu þungans, enni, mitti og axlir.

Við reyndum alltaf að hugsa svolítið um útbúnaðinn. Saumuðum m.a. tjöld og hönnuðum dráttarplútku, þar sem beislin voru líka tjaldsúlur.

– Hefurðu alltaf farið eitthvað á hverju ári?

– Já, maður hefur alltaf reynt að fara eitthvað. En svo þegar verið er að ala upp börn þá minnkar þetta nokkuð. Við vorum nokkrir sem reistum skála í Tindfjöllum, Miðdalinn. Þar hef ég alltaf verið mikið, þá líka með börnin.

– Þú hefur starfað töluvert erlendis?

– Jú, starfaði m.a. í Afríku 1978. Þá ætlaði ég á Mt. Keneya, en varð fyrir því óhappi að stinga mig í fótinn á þyrni og fékk ígerð í sárið. Þannig að sú ferð varð ekki. Ég hef einnig verið við hjálparstörf fyrir Rauða Krossinn í Indónesíu, þar sá ég um rekstur hjálparbúða fyrir bátafólk og nú síðast í Eþíópíu.

– Hvað hefurðu síðan verið að sýsla síðustu ár?

– Síðustu árin hef ég alltaf farið í ferðir. Ég og félagarnir mínir settum okkur það takmark að fara í langa vetrarferð að minnsta kosti annað hvert ár.



Kapparnir á hlaupaskíðum í góðu færi. Úr safni Magga Hall.

Árið 1979 fórum við í Kverkfjallaleiðangur. Leiðangur þessi öðlaðist smá frægd fyrir tilstilli Sigurðar Þórarinssonar, sem flutti kvæði um þennan leiðangur á árshátíð Jöklarannsóknafélagsins.

Nú, 1981 fórum við í ferð yfir Vatnajökul. Frá Breiðamerkursandi og norður í Möðrudalsöræfi. Veturinn 1982 fórum við í ferð á svæðið sunnan Langjökuls og 1983 fórum við norður. Ætluðum að ganga um Haugs- og Möðrudalsöræfi, en sú ferð litaðist töluvert af miklum hlýindum og leysingum sem við lentum í.

– Þessir túrar sem við höfum talað um hafa næstum allir verið vetrarferðir. Ferðastu ekki að sumarlagi?

– Jú ég ferðast náttúrulega eitthvað á sumrin, en ég er hrifnastur af því fara í leiðangra á veturna. Hef, held ég, bara einu sinni farið í langa sumarferð þvert yfir landið. Það var 1961, þá fór ég með bróður mínum í ferð frá Möðrudalsöræfum, upp á Vatnajökul í Kverkfjöllum og síðan suður og niður á Breiðamerkursand. Mikill rigningartúr.

– Hvernig líst þér svo á ÍSALP og þessar breyttu áherslur í sambandi við fjallamennskuna?

– Ég hef alltaf haft gaman af þríli. Einhvern tím-

ann sagði ég samt að ég ætlaði ekki að ganga í klúbbinn fyrr en búíð væri að sameina hann Fjallamönnum. En ég er víst kominn í hann núna. Strákarnir mínir gerðust félagar og ég fylgdi þá með.

Hef náttúrulega alltaf verið gangandi á fjöll með öllu hinu. Má geta þess til gamans, að ætli ég hafi ekki farið í fyrstu tjaldferðina, um vetur á Hvannadalshnúk. Gistum uppi á skálinni. Þetta var árið 1965.

– Hvað er það svo í ár, Hofsjökull?

– Veit ekki. Það eru víst komnar einar 20–30 tilögur um hvert eigi að fara.

P.S. Þess má geta í lokin, að ritnefndarmenn hleruðu hjá Magnúsi, rétt áður en blaðið fór í vinnslu, að hann hafi farið í túr með Leifi Jónsyni og Halldóri Ólafssyni. Þeir fóru frá Greniöldu á Héraði, suður og upp Eyjabakkajökul, síðan í skálann á Godahrygg. Þar voru þeir tepptir í 3 daga, en héldu síðan áfram suður og enduðu niður á Breiðamerkursandi. Þeir voru 9 daga á leiðinni og hreptu frekar slæmt veður allan tímann.

Ferðasaga

Nú skal segja sögu af nokkrum köppum,
sem að þegar vetur skellur á
æða um fjöll með skíði löng á löppum
langandi að frægðartindum ná.
Hollt var löngum ungum og hollt mun þeim enn
að heyra hvað þeir afreka, slíkir menn.

Svo að verði sett með stærsta letri
á söguþjóðar hetjudáða spjöld
saga af ferð, er fóru á liðnum vetri
fírar þessir, hef ég nokkur kvöld
aðalpunkta hennar saman sett
og segir Halldór Ólafs þar mest allt rétt.

Afrek það, er átti að sýna lýðum,
atgervi, sem stæðist hverja raun,
var: Að fara saman sex á skíðum
suður yfir ódádanna hraun,
áfram svo, með allra minnsta stanz
yfir Vatnajökul til Breiðársands.

Lítið hefur frést til þeirra ferðar
fyrir en komu innst í Bárðardal,
þar þeim voru veislur stórar gerðar,
vambir kýldu þeir sem gera skal.
Sagt hefur það verið um Svartárkotsmenn,
að gestrisnir þeir voru og eru enn.

Á galla og skíði börn og hundar blína,
bændakonur prísar garpskapinn,
er ferðalangar láta í það skína,
að skotferð yfir Vatnajökulinn
verði ei erfið vaska fyrir menn,
sem væntanlega skjótist yfir Grænland senn.

Héldu svo til hraunsins breiða og langa,
hvítt sem var og lokkandi að sjá,
er þeir hófu út á það að ganga
illilega kempum þessum brá.
Böli slíku búist höfðu ei við,
til botns þeir sukkur strax gegnum snjólagið.

Hérna reyndust harla lítils virði
hlaupaskíðin, þeirra stolt og skraut,
urðu núna aðeins aukabyrði

á öxlum þeirra og juku göngupraut.
Galli það á gönguskiðum er,
að gagnast mönnum ekki þá er snjóþungt er.

Snjó í klof nú keifa voða lengi
kapparnir og stefna í suðurátt.
Fór þó svo um þessa dádadrengr
að dró úr kröftum þeirra smátt og smátt.
Nær var þrotin orka sumra öll,
er þeir komust loksins í Dyngjufjöll.

Þar sem heitir dalur Dyngjufjalla
dvöldust þeir um hríð við magran kost.
Kaldir, aumir, ýkja gladdir varla,
átu snarl og bruddu þurran ost.
Sannarlega segjast verður það,
að sumir mundu betri tíð á þessum stað.

Bættist enn á ógæfunnar kúfinn,
ærin sem að fyrir þegar var.
Dyngjufjökull sýndist ansi úfinn,
erfið myndi skíðaganga þar.
Baslararnir ráð það brugðu á
að böðlast austur fyrir Jökulsá.

Sveittir, spældir Sigurðar-til skála
seggir brutust, hvíldust þar um sinn.
Kverkfjöll klífa kom nú eitt til mála,
ef komast áttu suður jökulinn,
en sem þeir nálgast þessi feikna fjöll
fyrirliðans raustin heyrir gjöll.

„Þessi fjallshlíð mörgum erfið oft er,
efstu brúnum mikil þraut að ná.
Bara að við hefðum helikopter,
hagur okkar myndi vænkast þá,
en enginn slíkur leggur okkur lið,
því legg ég til að hérna við snúum við.

Þá mun okkar þrautum bráðum linna,
er þjóðráð vafalítið telja má
næst, er frægð við viljum okkur vinna
að velja nokkru minni jökul þá.
Hraustir myndum karlar, í kokinu,
ef kæmumst yfir jökulinn á Okinu.“

Sigurður Þórarinsson

Vetrarferðir

EFTIR

GUÐJÓN Ó. MAGNÚSSON

OG

GUTTORM ÞÓRARINSSON

Inngangur

Vetrarferðir á gönguskíðum eru oft miðaðar við páska. Þá er sólargangur liðlega tólf tímar, snjóalög eru þá mest og minnstar líkur á langvinnum óveðursköflum. Síðast en ekki síst, þá er fimm daga frí. Þessar ferðir, oft 5–10 daga, eru ekki ósvipaðar helgarferðum. Útbúnaður er í meginatriðum sá sami og undirbúningur svipaður. Erfiðast reynist þó að taka ákvörðunina um að fara í lengri vetrarferðir.


Ísland er vel fallið til skíðaferða. Vegalendir eru yfirleitt stuttar til þeirra staða, þaðan sem lagt er upp í hinar eiginlegu skíðaferðir. Því eru þetta oftast ódýrar ferðir.

Allir hlutir hafa tvær hliðar og eins er með vetrarferðir. Þær reyna á skapið. Það getur til dæmis verið þreytandi að tjalda í myrkri, ganga í blindbyl, vakna í kulda langt frá mannabyggðum, klæða sig í frosna skó og puða áfram í þungu færi og þoku. Á móti koma gleðistundir með sól í heiði, tilkomumiklu landslagi, ánægjulegri hvíld í góðum félagsskap, fyrirtaks rennsli í dúnléttum snjó og hressilegri kvöldmáltíð í snotrum skála.

Heilræði varðandi vetrarferðir.

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga við skipulag og undirbúning vetrarferða.

1. Ferðin á að vera skemmtileg og með góðum félögum.
2. Mikilvægt er að þekkja félagana vel. Bæði veiku og sterku hliðarnar. Mest reynir á þolrifin við erfiðar aðstæður.
3. Fjögurra manna hópur er heppilegastur. Miðað við öryggi fer sá hópur hraðast yfir. Í litlum hópi verða færri mistök og minni líkur á slysum og óhöppum. Umfram allt þarf hópurinn að vera samstilltur.
4. Afmarkið ferðalagið, til dæmis við ljósmyndaferð, stífa gönguferð og langar dagleiðir eða gönguferð með fjallgönguútdúrum. Gerið áætlun og haldið ykkur við hana.
5. Hugið vel að akvegum sem liggja til þess staðar sem ætlunin er að hefja skíðagönguna. Ráðfærið ykkur við bændur eða aðra heimamenn og spyrjist fyrir um skála og leitarmannakofa. Skoðið kort vel og áætlið vegalengdir. Hlustið á veðurfréttir og veðurspár. Kannið hugsanlega farartálma s.s. opnar ár, sprungusvæði á jöklum eða þekkt snjóflóðasvæði. Upplýsingar um snjóalög er hægt að fá á Veðurstofu Íslands.
6. Útbúnaður þarf að vera sterkur, léttur og reyndur. Af sérhæfðum útbúnaði má nefna flatbotna plastþotu, snjósokka, talstöð (eða bréfadúfu) og segl eða fallhlíf.
7. Einfaldið allt eins og hægt er. Hafið með fljótlegan og góðan mat. Smyrjið dagsnesti fyrirfram. Skiptist á um eldhússtörfin. Dreifið með ykkur sameiginlegum útbúnaði. Gerið einfalda áætlun sem allir þekkja og hafið hana til staðar hjá aðstandendum í bænum. Haldið ykkur við áætlunina, þá fer minnst úrskeldis.
8. Gættu þess að vera sjálfum þér nógur og að hópurinn sé óháður utanaðkomandi aðstoð s.s. snjósleðum og bílum. Óskynsamlegt er að ferðast á milli skála þar sem mat hefur verið komið fyrir, því áætlun breytist og matur spillist.



Kortið sýnir leiðir sem getið er um í textanum. Teikn. Magnús Guðmundsson.

Æfing og undirbúningur.

Áður en lagt er í langferð er rétt að æfa það að tjalda á snjó og nota prímusinn. Ganga góðar dagleiðir með þungan bakpoka og ganga úr skugga um að útbúnaðurinn sé í lagi og skórnir séu þægilegir. Skynsamlegt er að vera vel á sig kominn líkamlega áður en lagt er í langferð.

Dæmi um þekktar vetrarferðir.

1. 4–6 daga ferð yfir Kjöl. Þá er heppilegast að leggja upp norðan frá og ganga suður um Hveravelli.
2. 4–5 daga ferð á milli Skóga og Sigöldu. Þá er farið um Fimmvörðuháls, Mýrdalsjökul og Landmannalaugar.
3. 5–7 daga ferð úr Eyjafirði um Nýjabæjarafrétt, Þjórsárver og suður í Búrfell.
4. 10–15 daga ferð úr Fljótshálsgröf og vestur um landið endilangt. Um Snæfell, Kverkfjöll, Nýjadal, Hveravelli, yfir Langjökul og suður til byggða.

Til ritnefndar Ísalp

Í ársriti Íslenska Alpklúbbsins 1985, er í leiðarvísi Ísalp nr. 20 fjallað um leiðir á Esju. Til fróðleiks skal þess getið að gil það sem næst er Virkinu að vestanverðu, var klifið í febrúar 1976 og voru þar að verki Birgir Jóhannesson, Ævar Aðalsteinsson, Haukur Gunnarsson og Ásgeir M. Rudolfsson. Var gílinu fylgt alla leið upp og endað á klettum sem snúa svotil beint í vestur. Leið þessi er mjög einföld nema á efstu 5–10 metrunum þar sem brattinn er mestur og uppi á brún reyndist erfitt að fá festur fyrir tryggingar á sveibúntinu sem þá var þar.

Samkvæmt leiðarvísi nr. 20, mynd 14, er þetta sama leið og merkt er númer 44, en erfitt er þó að gera sér grein fyrir hvort sömu leið hafi verið fylgt á efsta hlutanum þar sem einu erfiðleikarnir eru.

Birgir Jóhannesson

Fréttapistill



UMSJÓN KRISTINN RÚNARSSON

PAKISTAN

Diran

Í framhaldi af tveimur heimsóknum Doug Scott hingað til lands, var þeim Helga Benediktssyni og Snævarri Guðmundssyni boðið að taka þátt í leiðangri hans til Pakistan síðastliðið sumar. Megin viðfangsefni leiðangursins áttu að vera *Rakaposhi* (7788 m) og *Nanga Parbat* (8125 m), en almenn og þrálát veikindi settu fljótlega strik í reikninginn.

Eftir langt og strangt ferðalag, og

nokkra aðlögun með ferðum á lægri fjöll, voru aðalbúðir reistar í 3500 metra hæð við rætur fjallanna *Rakaposhi* og *Diran* (7273 m). Þar var fyrstu dögnum eytt í hvíld og léttar gönguferðir, m. a. fóru þeir Helgi og Snævarr upp í 5200 m hæð á *Rakaposhi East* (7190 m).

Um miðjan júlí voru 5 af 11 fjallgöngumönnum leiðangursins farnir heim vegna veikinda, þeirra á meðal Snævarr Guðmundsson. Þann 21. júlí hélt Helgi af stað ásamt 5 Bretum og var ætlunin að klífa *Diran*.

Tveggja daga ganga inn Miapin-jökullinn skilaði þeim í búðir í 4200 m

hæð. Daginn eftir hækkuðu þeir sig um 1700 m og reistu búðir í 5900 m hæð. Á þriðja degi var enn haldið áfram og náðu fjórir toppnum þennan dag, en Helgi vildi fara varlegar í sakirnar og gisti í 6500 m hæð. Þann 25. júlí fór Helgi svo einn á topp *Dirans* (7273 m), sem er hæsta fjall sem Íslendingur hefur klifið.

Þess er loks að geta að Doug gamli Scott gerði, ásamt syni sínum Michael og Alistair Reid, tilraun til að klífa *Nanga Parbat* um miðjan október, en þeir urðu frá að hverfa þegar Reid veiktist af fjallaveiki í 7000 metra hæð.

Diran (7273m). Helgi og félagar fóru upp hrygginn vinstra megin á myndinni. Ljós. Doug Scott.



PERÚ

Cordillera Blanca

Í lok maí 1985 fóru fimm félagar úr Íslenska Alpaklúbbnum til Andesfjalla Perú. Það voru þau Anna Lára Friðriksdóttir, Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson, Torfi Hjaltason og Þorsteinn Guðjónsson. Dvalist var í Huaraz, sem er fjallabær í 3000 m hæð á fjallasvæðinu Cordillera Blanca, og þaðan var farið í viku til tíu daga fjallaleiðangra.

Fyrst var farið í 7 daga aðlögunartúr inn Ishinca-dalinn. Þar fóru þau á *Nevado Urus* (5495 m) og áttu aðeins um 200 m eftir á topp *Toqllaraju* (6032 m) þegar þau snéru við vegna slæmrar færðar og lítilrar aðlögunar. Eftir andlega og líkamlega endurhæfingu í Huaraz var aftur þeyst til fjalla. Nú inn Santa Cruz dalinn að rótum fjallanna *Alpamayo* (5947 m) og *Kitaraju* (6040 m). Jón, Kristinn og Þorsteinn fóru upp norðurvegg Kitaraju og síðan fóru þau öll upp hinn stórglæsilega suðvesturvegg Alpamayo.

Punkturinn yfir i-ið í þessari vel heppnuðu ferð var svo ferð þeirra fimm-menninga upp vesturrið *Huascarán* (6768 m), hæsta fjalls Perú. (Sjá grein um Perú annars staðar í blaðinu.)

ALASKA

Mount McKinley

Nú eru tveir íslenskir leiðangrar að undirbúa sig fyrir ferð á *Mount McKinley* (6194 m) í vor. Þeir Halldór Magnússon, Hreinn Magnússon og Ragnar Hilmarsson stefna að því að fara *Kahiltna-jökulinn* sem er sama leið og íslenskur leiðangur fór í júní 1979 en þá komst Arnór Guðbjartsson á toppinn.


Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson eru einnig að undirbúa ferð á fjallið en ekki er ákveðið hvaða leið þeir ætla að fara.

KÍNA

Kongur Tiube og Sishapangma

Íslenskur leiðangur hefur nú fengið leyfi til að klífa tvö fjöll í Kína 1987 og 1990. Fyrri leiðangurinn er áætlaður um vor 1987 á *Kongur Tiube* (7595 m) sem er vestast í Kína ekki langt frá Pamír. Kongur Tiube hefur aðeins verið klífið þrisvar sinnum. Ráðgert er að sex menn fari í þennan leiðangur og þeir Ari Trausti Guðmundsson, Árni Árnason, Hermann Valsson og Höskuldur Gylfason hafa þegar hafið undirbúning.

Seinni leiðangurinn er ráðgerður um vor 1990 á 14. hæsta fjall heims, *Sishapangma* (8046 m) í Tíbet.



Norðurveggur Tour Ronde. Ljós. Kristinn Rúnarsson.

EVROPA

Tatras

Um miðjan ágúst fóru þær stóllur Margrét Júlíusdóttir og Salbjörg Óskarsdóttir í Terrailferð um Evrópu. Þær heimsóttu m.a. Tatras-svæðið sem er fjallasvæði á landamærum Póllands og Tékkóslóvakíu. Þar ætluðu þær að fara á *Gerlachovský štít* (2655 m), sem er hæsta fjall Tékkóslóvakíu, en leiðinlegt veður og flóknar þjóðgarðsreglur gerðu að engu þær áætlanir (sjá nánar í grein).

Seinna í ferðinni fóru þær svo Gouter-leiðina á *Mont Blanc* (4807 m).

Mont Blanc

Þeir Halldór Magnússon og Stefán Axelson voru einnig á ferð í Mið-Evrópu í sumar og fóru þá m.a. normalleiðina á *Mont Blanc*.

Engstligenalp


Í mars 85 fóru þeir Arnór Guðbjartsson, Gunnar Jónsson, Helgi Benediktsson og Sigmundur K. Ríkarðsson til Bernese Oberland í Sviss á fjallaskíðanámskeið. Námskeiðið var haldið í svo kölluðum Engstligenalp og m. a. skíðuðu þeir á nokkra 2500–3000 metra tinda og í lok námskeiðsins var farin fjallaskíðaferð á hæsta fjall svæðisins, *Wildstrubel* (3243 m).

Tour Ronde og Mont Blanc

Í lok júlí fóru þeir Einar Torfi Finnsson, Guðbjörn Óskarsson, Guðmundur Helgi Christensen og Leifur Örn Svavarsson til Chamonix í Frakklandi. Þar fóru þeir fyrst norðurvegginn á *Tour Ronde* (D) og seinna normalleiðina á *Mont Blanc*. Eftir tíu daga dvöl í Chamonix héldu þeir til Austurríkis á hinn vinsæla fjallaskóla í Kaprun.

Stuttbuxnasvæði Evrópu

Björn Vilhjálmsson kom heim síðastliðið sumar eftir 5 ára dvöl á danski grund. Björssi heimsótti nokkur kletta-klífursvæði vítt og breitt um Evrópu á þessu tímabili. M.a. *Chamonix*, *Grimmel*, *Gautaborg* og *Kullen* (sjá grein). Auk þess tók hann miklu ástfóstri við múrsteinsvegg einn í miðri Kaupmannahöfn. Á vegginn meitlaði hann „boulder“-leiðir samkvæmt eigin uppskrift og æfði þar „boulder“-klífur. Kannski fáum við að sjá síðhærðan mann á stuttbuxum utan á Alþingishúsinu í sumar!



Björssi Vil. á veggnum sínum í Kaupmannahöfn.

SUDAUSTURLAND

Hvannadalshnúkur

Ferðir á *Hvannadalshnúk* (2119 m) í svartasta skammdeginu eru ekki algengar. Seinustu helgina í janúar 1985 lögðu þau Björgvin Richardsson og Sólveig Þorvaldsdóttir á Hnúkinn. Ferðin tók 3 daga. Sjálf gangan tók þó aðeins 14 tíma, en veður var mjög kalt þessa daga, 5 vindstig og 20 stiga frost. Gist var í fjaldi á leiðinni.

Heljargnýpa

Heljargnýpa (ca. 1400 m) í norðausturhluta Öræfajökuls var klifum um páska 1985. Þar voru á ferð þau Anna Lára Friðriksdóttir, Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson, Torfi Hjaltason og Þorsteinn Guðjónsson. Þau fóru upp afgerandi hrygg austast í hrikalegri norðurhlíð fjallsins. Leiðin er trúlega af gráðu D og fóru þau hana með skíði á bakinu sem nýttust vel niður afliðandi suðurhlíð fjallsins.

Skarðatindur

Hin stórglæsilega ísklifurleið í austurvegg *Skarðatinds* er enn jómfrú. Hún fékk þó sína árlegu páskaheimsókn 1985 en ísklifuraðstæður gáfu ekki tilefni til atlögu.

Hins vegar fóru þeir Gestur Geirsson, Guðjón Snær Steindórsson og Haukur Þór Haraldsson venjulegu leiðina á Skarðatind þessa sömu páska.

Óskar Þorbergsson einfór þá leið um miðjan júlí.

Hrútsfjallstindar, Rustanöf og Fallastakkanöf

Þeir Helgi Benediktsson, Jón Geirsson, Snævarr Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson fóru í góða ferð með Doug Scott í Öræfasveitina í byrjun maí 85. Fyrst fóru þeir mjög erfiða ísklifurleið (TD) upp suðausturhlíð *Hrútsfjallstinda* (1875 m). Þá klifu þeir, áður óklifinn tind, *Rustanöfrétt* austan Vestrahorns. Og loks fóru þeir Scott og Snævarr stórglæsilega 100 m langa klettaklifurleið í svokallaðri *Falla-stakkanöf* í *Borgarhafnarfjalli*. Þá leið gráðaði Scott 5.10 og er þetta örugglega erfiðasta klettaklifurleið sem farin hefur verið hérlandis. Leiðin hlaut nafnið *Orgelpípurnar* vegna mjög svo regulegs stuðlabergs sem leiðin er í (sjá nánar í grein).

Snæfell

Fimm félagar úr Hjalparsveit skáta í Kópavogi létu sig ekki muna um að bregða sér í helgartúr á *Snæfell* (1833 m) í september síðastliðnum. Þeir fóru upp 3. gráðu kletthrygg sem er sunnan megin við skriðjökulinn í vesturhlíðum fjallsins.



Hvannadalshnúkur (2119m) Ljós. GÓM.

SUÐURLAND

Eyjafjallajökull

Í lok júní fóru þeir Ari Trausti Guðmundsson og Magnús Guðmundsson nýja leið á *Eystri-Skolt* (1571 m) á Eyjafjallajökli. Fóru þeir upp Gígjökul að gígskálinni og þaðan upp vesturhlíð Eystri-Skólts. Hlíðin var um 45 gráður og allsprungin.

Þyruskiðun

Í Ölpunum, og á öðrum vinsælum skíðasvæðum, hefur svo kallað „heloskiing“ (þyruskiðun) notið mikilla vinsælda. Nú hefur þetta heillandi sport rutt sér til rúms hér á landi. Arnór Guðbjartsson og Helgi Benediktsson stóðu fyrir þremur svona ferðum síðastliðið vor.

Fyrst var farið á *Eyjafjallajökul* og þýrlan látni ferja menn frá Seljavallalaug upp undir Hámund. Stuttu seinna var þýrlan aftur leigð og nú var farið í Botnssúlur. Þar voru farnar tvær ferðir á *Vestursúlu* og ein á *Syðstusúlu*. Loks var farið aftur á Eyjafjallajökul og nú voru farnar tvær salibunur norðan megin frá. Þýrlan flutti menn tvisvar sinnum upp á *Eystri-Skolt* þaðan sem skíðað var niður Steinsholtsjökul og Gígjökul. Þátttakendur í ferðunum voru yfirleitt um 15 og kostnaðurinn 1000–2000 kr. fyrir salibununa.

SUÐVESTURLAND

Stardalur

Árið 1985 var ekki mikið klifrað í Stardal þrátt fyrir gott sumar eftir nokk-

ur rigningasumur árin á undan. Þó er rétt að geta þess að Björgvin Richardsson einfór eina elstu og vinsælustu leið Stardalsins, *Stúkuna* (5.6). Og þeir Guðmundur Helgi Christensen og Óskar Gústafsson fóru eina af erfiðari leiðum Stardalsins, *Rispuna* (5.10).

Hins vegar ætlar árið 1986 að verða metár í Stardalsklifri. Strax í febrúar voru menn farnir að stunda Dalinn. Og í lok maí var búið að fara 17 nýjar leiðir þar af þrjár 5.10 leiðir !! (sjá leiðarvísi).

Esja

Nokkrar nýjar leiðir hafa verið farnar í Esjunni síðan leiðarvísir nr. 20 kom út.

Vesturbrúin

Meginhryggurinn milli leiðar nr. 3 og 4 var farinn í september af þeim Kristni Rúnarssyni og Þorsteini Guðjónssyni. Leiðin hlaut nafnið *Hnetubrjóturo* og er af IV.–V. gráðu.

Í desember var farið afbrigði af leið 4, *Anabasis*. Þar voru þeir Jón Geirsson og Þorsteinn Guðjónsson á ferð. Fyrsti hlutinn liggur upp gilið sjálf en ekki upp klettana vinstra megin eins og upprunalega leiðin. Gráða 4 og IV.

Vesturhryggurinn á Stút hefur fengið nokkrar heimsóknir undanfarið. Hingað til hefur mjög laus og brattur kaflinn neðarlega á Stútnum stöðvað allar tilraunir til að klífa þessa fallegu leið.

Í Alpaklúbsferð í janúar síðastliðnum fóru þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson afbrigði af *Leið ókunna mannsins* (leið 2). Farið var beint upp gilið og klifraðar tvær spannar af 5. gráðu í ísuðum klettum áður en leiðin sameinaðist eldri leiðinni.



Klifrað á hrygg Heljargnýpu Ljós. Jón Geirsson.



Viðnámsklifur í Miðhyrnu Þorgeirsfells. Ljós. Kristinn Rúnarsson.

Búahamrar

Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson fóru upp mjög áberandi gil í klettaveggnum sunnan við 55 gráður norður síðastliðið haust. Einu erfiðleikarnir voru í fyrstu klettaspönninni og er hún IV. gráða. Og nafnið – *Lykkjufall*.

Jón ásamt Snævarri Guðmundssyni fór svo klettariði austan megin við Miðrif (leið 31). Leiðin er ein spönn en all-erfið (V. gráða) og hlaut nafnið *Austur-rif*.

Virkið

Miðrif var farið í október síðastliðnum af þeim Jóni Geirssyni og Snævarri Guðmundssyni. Áður höfðu þeir félagar farið svo kallað Miðrifsafbrigði (leið 47) en þá er hliðrað út í leið 46 á seinasta kaflanum. Í heild er Miðrif af IV. gráðu en með hreyfingum af V. gráðu og A1 í lykilkaflanum.

Botnssúlur

Í janúar 1984 fóru þeir Gestur Geirsson og Guðjón Snær Steindórsson mjög skemmtilega snjó- og ísklifurleið í norðvesturvegg *Sýðstusúlu* (1095 m). Leiðin liggur upp gil sem sker vegginn skáhalt og endar efst á hryggnum milli

Súlnadals og Miðsúludals. Einu erfiðleikarnir eru í tveimur íshöftum neðst í leiðinni, 3. gráða.

VESTURLAND

Skarðsheiði

Heiðarhorn

Þann 28. september var norðvesturveggur Heiðarhorns klifinn í fyrsta skipti að sumarlagi. Þeir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson reyndu að fylgja greinilegu klettariði sem liggur upp miðjan vegginn. Eftir að hafa klifið um þriðjung veggjarins urðu þeir að færa sig yfir á nyrðra rífið til að komast upp lykilkaflanum. Þeir kláruðu leiðina eftir því rífi. Leiðin er trúlega IV. gráða en veggurinn er mjög varasamur vegna mikils grjóthruns.

Nú er búið að fara bæði vetrar- og sumarleiðir á alla norðurveggina þrjá í Skarðsheiðinni, Skessuhorn, Skarðshorn og Heiðarhorn.

Þverfjallstindur

Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson fóru upp mjög lausan klettahrygg í Þverfjallstindi austan Skessu-

horns 31. ágúst. Leiðin er af IV. gráðu en í efsta hlutanum fóru þeir upp snjógil.

Skarðshorn

23. febrúar síðastliðinn var einn af mörgum góðviðrisdögum vetrarins. Þann dag fóru þeir Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson í sunnudagsbiltúr norður fyrir Skarðsheiði. Þar keyrðu þeir á Volskvagen bjöllu ofan á harðfenni í átt að norðurhlíðum Skarðsheiðar og linntu ekki látum fyrr en undir norðurvegg Skarðshorns. Í klettapríhrynningnum austan í Horninu fóru þeir upp mjög erfiða íslænu (TD). Leiðin var 4 spannr og hlaut nafnið *Sól-ei*, – þar skín ei sól.

Hafnarfjall

Skriðurunnar hlíðar Hafnarfjalls hafa löngum heillað margan fjallagarpinn. Ekki til uppfærðar heldur til niðurferðar í villtum fótskriðudansi. Inn úr vestanverðu fjallinu gengur dalur og þar er snotur tindur sem *Hrói* heitir. Í sumar fóru þeir Björn Gíslason og Snævarr Guðmundsson skemmtilega klettaleið í suðurhlíð tindsins af II.–III. gráðu.

Porgeirsfell

Í ágúst var farin Alpaklúbsferð á Snæfellsnes í þeim tilgangi að skoða berg í Porgeirsfelli með tilliti til klífurs. Í Porgeirsfelli er gabbro og er skemmt frá því að segja að svæðið lofar góðu. Farin var ein ansi falleg hryggjarleið á Miðhrynu, gráða III–IV.

Tröllkall

Seinni partinn í febrúar síðastliðnum var suðvesturhlíð Tröllkallsins á Snæfellsnesi klifinn. Ekki er vítað til að Tröllkallinn hafi áður verið klifinn. Þar voru á ferð Ari Trausti Guðmundsson, Finn-bogi Rögnvaldsson, Hreinn Magnússon og Höskuldur Gylfason. Þeir Hreinn og Höskuldur fóru skemmtilegt snjógil af 3. gráðu en hinir fóru hrygg þar fyrir austan af gráðu 2+.

VESTFIRÐIR

Eyrarfjall

Vestfjarðakjálkinn er tiltölulega lítið kannað svæði með tilliti til fjallamennsku, sérstaklega vetrarfjallamennsku. Helgi Benediktsson var á Ísafirði í janúar síðastliðnum og fór þá ansi skemmtilega, en erfiða skíðaleið. Leiðin liggur niður bratt gil niður í svokallaðan Gleihjalla sem er skál ofarlega í Eyrarfjalli (724 m) beint fyrir ofan bæinn.

NORÐURLAND

Kjarni

Í heimsókn Doug Scott hingað til lands síðastliðið vor fór hann m.a. til Akureyrar með myndasýningu. Að sjálfsögðu vildi Scott líta á klettaklifursvæði þeirra Norðlendinga. Hann fékk Brodda Magnússon með sér í Kjarnann og þar fóru þeir m.a. mjög erfiða en stutta 5.10 leið.

ÍSFOSSAR

Kjósarskarð

Þann 29. desember síðastliðinn klifu þeir Ari Trausti Guðmundsson, Hreinn Magnússon og Olgeir Sigmarsson 100 m ísleið í gili þar sem lækur fellur úr Sauðafellstjörn. Leiðin er í 5 þrepum og telst af 3. gráðu. Dauðsmannsbrekkur heita brekkurnar upp frá Sauðafellstjörn og þaðan kemur nafnið – Dauðsmannsfoss.

Tveim vikum seinna voru þeir Ari og Hreinn aftur á ferð í Kjósarskarði. Nú fóru þeir 25 m löðréttan ísfoss í Skipta-gili sem liggur upp frá Vindáshlíð. Ísfossinn er innri *Tvíburafossinn* í giliinu og er af 4. gráðu.

Í lok janúar voru farnar þrjár nýjar leiðir í klettunum í *Grenhlíð*. Þeir Krist-

Ég stóð á tindi


...eða hvað?

Broddi Magnússon

á Kistunni,

Hraundrangi

í baksýn.



Ljós.

Páll Sveinsson.

inn Rúnarsson, Snævarr Guðmundsson og Þorsteinn Guðjónsson fóru fyrst 100 m íslænu af 3. gráðu og síðan 25 m ísfoss af 4. gráðu. Snævarr einfór svo annan 25 m foss af 3. gráðu.

Reynivallaháls

Í *Reynivallahálsi* í *Hvalfirði* eru margar skemmtilegar íslænu og ísfossar. Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson fóru eina snjó- og ísleið sem er í mörgum þrepum og liggur upp frá Grænuvík, norðan megin í Hálsinum. Leiðin er um 200 m löng og 3.–4. gráða.

Brynjudalur

Í giljum norðurlíðar *Prándarstaðafjalls* í *Brynjudal* er sannkölluð *Paradís* ísfossaklifrara. Þar má finna ísfossa af öllum stærðum og gráðum.

Í austurbrúnum vestasta gilsins eru nokkrir 30–50 m háir ísfossar af 3. og 4. gráðu sem þegar hafa verið farnir. Innst og efst í þessu gili er *Óríon*, 60 m hár og sérlega glæsilegur ísfoss. Óríon er enn óklifinn en nokkrar tilraunir hafa þegar verið gerðar. Í lok janúar síðastliðinn reyndu þeir Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson við fossinn. Þeir komust hálfa leið en illa frosin snarbrött

snjóbrekka og hengja þar fyrir ofan gerðu áframhald ómögulegt.

Viku seinna reyndu þeir Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson við fossinn en urðu frá að hverfa á svipuðum stað af sömu ástæðum. Þeir félagar höfðu einnig reynt við fossinn veturinn 1984.

Glymur

Glymur í *Botnsdal* er hæsti foss landsins, 180 m hár. Í vetur sigu þeir Arnbergur Þórðarson, Björn Gíslason og Óttar Sigurðsson, ásamt fjórða manni, fossinn. Fossinn var ekki vel frosinn, alsettur mjóum grýlukertum, og þarf trúlega harðan frostavetur svo hann verði árennilegur til uppperðar.

Leiðrétting

Í síðasta blaði sögðum við frá kvikmyndun af klifri á Púmal. Þar féll niður nafn Árna Árnasonar svo og nöfn kvikmyndatökumannanna, Sigurðar Grímssonar og Karls Sigtryggssonar, sem báðir purftu, að sjálfsögðu, að klífa Púmal.

Í þessum sama fréttapistli féll einnig niður nafn Ara Trausta Guðmundssonar sem tók þátt í ferð á Heinabergsfjöll.

Tækjahornið

UMSJÓN BJÖRN VILHJÁLMSOON

Í þessu tölublaði ÍSALP hefur göngu sína nýr þáttur, þar sem reynt verður að fylgjast með nýjungum í klifurbúnaði, fatnaði og tækjum og birtar umsagnir um útbúnað. Í þessum fyrsta þætti verður greint frá helstu niðurstöðum nýlegra rannsókna á styrkleika ístrygginga og vírhneti.

ÍSTRYGGINGAR

Fyrri efni þessa þáttar er útdráttur úr rannsókn á ístryggingum, sem Þýski Alpaklúbburinn lét gera, og timaritíð Mountain birti fyrir hinn enskumælandi heim í 94. tölublaði sínu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru kannski ekki splunkunýr sannleikur, t.d. hefur það verið almenn vitneskja hér á Fróni að ísskrúfur séu öruggari og haldi meiru en ísfleygar (þ.á.m. vörtusvín, svo ekki sé minnst á tappatögara), en rannsóknin sýnir á afdráttarlausan hátt að svo sé. Auk þess benda niðurstöðurnar á

athyglisverðan mun milli framleiðenda, hvað varðar gæða- og framleiðslueftirlit.

Um tilhögun rannsóknarinnar:



Tvennskonar prófanir voru gerðar, a) quasi-dynamísk; þ.e. stigvaxandi þyngd sett á trygginguna þar til ca. 450 kg þunga var náð, b) dynamísk prófun, þ.e. fallprófun með 75 kg fargi. Tilraunirnar voru gerðar í „miðlungs“ sumarís í Ölpunum (þéttleiki 0,7–0,9 kg/dm. Sjá nánar í DAV-Mitteilungen 83-3, riti þýska Alpaklúbbsins).

Helstu niðurstöður:

- 1) Mælt er með öllum rörlaga ís tryggingum, bæði skrúfum og þeim sem reknar eru í ísinn en skrúfaðar út (t.d. snargs).
- 2) Ekki er mælt með neinni annarri gerð ístrygginga, þ.á.m. eru „vörtu-

svín“, spirallaga skrúfur o.fl. Kostur ísfleyga hefur verið talinn ísetningarhraðinn en t.d. snarginn hefur sama ísetningarhraða en er talsvert öruggari.

- 3) Besti ísetningarhalli er ca. 100 gráður (sjá mynd A). Mjög stutt eða löng tæki höfðu enga kosti framyfir hin.
- 4) Mælt er með að allar tryggingar sem bera 1000 kp. farg eða minna, séu notaðar tvöfaldar. Þess má geta að álag á millitryggingu er að meðaltali 2–2,5 sinnum það álag sem verður á megintryggingu. Mynd B sýnir hvernig koma megi í veg fyrir þann leiða sið einfaldra trygginga, að sprengja ísinn út frá sér undir álagi. Þessi aðferð dreifir átaki á tvo punkta og að auki dregur lykkjan í sig hluta af fallorkunni, þannig að ísinn springur síður.



Niðurstöður prófananna, í tölum, eru í töflu 1. Fleiri gerðir voru prófaðar, en engar af þeim stóðust þær kröfur sem gerðar voru.

Þessi tilraun er að sjálfsgöðu ekki lokaorðið í klifurheiminum um ístryggingar, t.d. var ekki prófað við mismunandi hitastig eða mismunandi íshörku, en þó gefur þessi rannsókn vísbendingu um notagildi nokkurra gerða ístryggingatækja. Að lokum má geta þess að Norski Alpaklúbburinn hefur gert rannsókn á ístryggingum sem styður þessar niðurstöður. Prófanirnar líta svona út ásamt umsögnum:

Hér er svo önnur athyglisverð rannsókn, að þessu sinni á virhnetum. Þar kemur aftur fram mikill munur á framleiðendum hvað gæði og eftirlit varðar. Hörkumælingar á efninu í sjálfum hnetunum, gefur vísbendingu um styrk og slitþol þeirra, en eins og sjá má af niðurstöðunum eru gæði málm-blandnanna mjög misjöfn.

Tafla 1:

Gerð	Lengd í cm	Hám.átak á kp.	Umsögn
Salewa-Ultra skrifur	17	1150-1300	Mælt með. Tennur gætu verið bitbetri.
	22	1400-1600	
	28	1450-1700	
Chouinard skrifur	17	1600-1700	Mælt með. Beittar tennur. Efnisgalla varð vart, en mun verða lagað.
	22	1300-1500	
	28	1600-1750	
Salewa skrifur	25	1200-1500	Mælt með. Beittar tennur
	35	1300-1600	
Interalp Camp skrifur	18	1100-1300	Mælt með. Bitgóðar.
Lowe Snarg, framl. USA	23	1000-1100	Mælt með. Þolir vel fallátak.
Lowe Snarg, framl. Camp	15	350-900	Ekki mælt með. 11/14 brotnuðu við 700 kp. Lélegt gæðaeftirlit á Ítalíu. (1984) Stendur til bóta.
	23	700-1100	
Simond skrifur	23	460-1300	Ekki mælt með. 5/16 brotnuðu við 460 kp. vegna framleiðslugalla.
Stubai hálfskrifur	14	550-600	Ekki mælt með. Of lágt hámarksátak. Efnisgallar, 6 af 20 brotnuðu.
	20	560-900	
Elite Snarg skrifur	26	1000-1100	Mælt með 1982-3 framleiðslunni. 1983-4 framl. er gölluð. Hefur brotnað við 550 kp.
Spiralar, tappatogarar og vörtusvín	21	300-800	Ekki mælt með. Ýmsir framl. t.d. Salewa og Stubai. Lélegt fallátak; 10/14 brotnuðu

HNETURANNSÓKNIR

VÍRAÐAR HNETUR.

Þessi rannsókn var gerð við Notting-hamháskóla að frumkvæði tímaritsins Mountain og niðurstöðurnar birtar í tölublaði nr. 102. Þarna voru rannsak- aðar nokkrar vinsælar gerðir hneta, sem framleiddar eru í Vesturálfu. Áður höfðu DAV og Off Belay rannsakað styrk hneta, en niðurstöður DAV eru lítt þekktar utan þýskumælandi landa og niðurstöður Off Belay voru mjög umdeildar vegna ónákvæmni í rann- sknaraðferðum.

En víkjum nú að rannsókninni:

Markmiðið var að finna raunveruleg- an styrk hneta, og bera hann saman við uppgefinn styrk framleiðanda. Einnig var harka málmblöndunnar, sem notuð er í hneturnar, mæld.

Prófunin

Tvær aðferðir voru notaðar til að kanna brotstyrkinn, a) fallátaksprófun og b) togátaks prófun. A) byggir á þeirri staðreynd að í klifurfalli kemur aðal- álagið á kerfið í tímaeiningu sem er

mjög lítil, ca. 0,2 sekúndur, en b) tog- átaksprófunin er gerð í vél, þar sem hægt er að stilla inn átaksfargið (allt að 10.000 kg) og toghraðann. Í þessari rannsókn var toghraðinn stilltur á 60 mm/mín., og tók þá 5–15 sekúndur að brjóta hneturnar. Það kom í ljós við samanburð á þessum aðferðum, að munurinn er of lítill til að vera marktæk- ur, þannig að togátaks prófunin telst gefa fullnægjandi svör um brotstyrk hneta.

Togátaksprófun var gerð á 7 hnetum af hverri stærð, frá hverjum framleið- anda.

Bygging víraðra hneta

Hnetum er skift í þrjá flokka, eftir því hvernig gengið er frá vörnum:

- 1) með lykkju. Hneta er boruð út (2 göt), vírin þræddur í gegnum götin og endarnir festir saman með blý- múffu.
- 2) með lokuðum vír. Báðir endar vírs- ins annað hvort festir inni í hnetunni með silfurlóðningu eða að hnetan er steipt utan um báða enda vírsins (aðallega mikróhneta).
- 3) með einföldum vír. Annar endinn lóðaður eða steiptur í hnetuna, hinn endinn múffaður saman í lykkju. Aðeins Forrest og Salewa framleiða þessa gerð.

NIÐURSTÖÐUR OG UMSAGNIR

Helstu veikleikar, reyndust vera í vörnum og á eftirfarandi stöðum:

- a) við karabínuna, algengast á mikró- hnetum.
- b) milli karabínu og múffu.
- c) ofan á hnetu, þ.e. flokkur 1, kom sérstaklega fram á smæstu hnetun- um af þessari gerð, þar sem hornið, sem vírin beygist yfir, er hvassast og bilið milli gatanna minnst.
- d) strax fyrir neðan hnetuna; aðallega mikróhneta.
- e) vír dregst út úr múffu; kom oftast fyrir á stærri hnetunum en ekki ein- göngu.
- f) hnetan gefur sig. Í flokki 1 dróst vír- inn í gegnum hnetuna, í flokki 2 mynduðust sprungur í hnetunni og hún brotnaði.

Interalp Camp

Hexur og stopperar framleiddir með leyfi Chouinard (USA).

Hexcentric hnetur: Gáfu sig við minna farg en framleiðandi hafði gefið upp. Ósamræmi í staðsetningu veikleika, veikleika a, c og f mest áberandi. Málmblanda of deig / harka of lítil, hnet- ur geta dregist út úr festingum vegna deiglu málsins.

Stopperar: Minni stærðirnar þoldu

Tafla 2:

Gerð	Efni	Nr.	Vír mm.	Harka efnis	Brot-styrkur framl. kg	Mældur brotstyrkur í kg.		
						1	2	3
Interap Camp - Italia	Hex. / ál.	1	3,17	88	1000	901	964	1091
		2	-	64	-	741	806	853
		3	-	69	-	794	826	863
		4	4,0	49	1100	663	897	1417
		5	-	64	-	979	1009	1244
	Stopper / ál.	1	3,17	63	550	972	977	984
		2	-	82	1000	1070	1073	1102
		3	-	89	-	1055	1070	1096
		4	4,0	85	1100	1138	1245	1304
		5	-	94	900	798	1067	1162
		6	-	58	1100	776	989	1356
		7	-	60	-	1030	1245	1523
	Stopper messing, mikkro	1	1,8	170	300	336	472	479
		2	-	156	-	426	454	459
		3	2,5	155	550	454	632	635
		4	-	163	-	637	650	658
		5	3,17	150	1000	1020	1076	1102
		6	-	149	-	1047	1052	1052
H.B. - Wales	Mikrohn. messing	0-2	2,0	130-140	400	517	535	525
		3-4	2,5	128-134	700	744	714	-
		5-6	3,0	133-138	1000	1080	1111	1142
	Mikrohn. regular	1	1,5	133	300	326	326	331
		2-3	2,0	130	400	522	535	543
		4-5	2,5	120	700	729	735	764
	Mikrohn. special	1	1,5	130	300	300	326	334
		2-3	2,0	130	400	540	540	545
		4-5	2,5	130	700	730	745	759
		6	3,0	141	1000	1111	1121	1126

Gerð	Efni	Nr.	Vír mm.	Harka efnis	Brot-styrkur framl. kg	Mældur brotstyrkur í kg.		
						1	2	3
Chouinard - USA	Stopper / ál.	1	1,65	175	360	357	362	382
		2	-	198	-	331	382	403
		3	2,4	187	800	714	714	749
		4	-	191	-	713	744	780
		5	3,3	189	1300	1282	1290	1300
		6	-	111	-	1172	1228	1233
		7	-	101	-	1335	1376	1402
		8	-	105	-	1188	1228	1233
		9	-	118	-	1453	1488	1504
		10	-	95	-	1213	1213	1233
		11	-	113	-	1453	1468	1468
		12	-	115	-	1427	1448	1488
R.P.	Mikkro / stál	1	1,25	404	250	245	245	247
		2	1,65	126	380	403	405	408
		3	1,98	-	630	-	-	-
		4	2,4	99	820	826	826	831
		5	-	103	-	810	810	836
	Mikkro messing	0	1,23	115	227	239	245	265
		1	1,65	137	364	387	428	428
		2-3	2,04	127	546	591	601	601
		4-5	2,50	137	818	861	866	887
Wild Country	Rocks ál	1	2,5	115	700	739	751	767
		2	3,05	92	900	979	989	1050
		3	-	109	1000	989	1009	1030
		4	-	97	1100	1014	1030	1050
		5	-	112	-	981	999	1040
		6	-	111	-	1019	1035	1091
		7	-	83	-	1132	1142	1152
		8	-	112	-	1101	1116	1126
		9	-	117	-	1081	1152	1167

meira átak en uppgefið var en stærri stærðirnar reyndust mjög misjafnlega. Virarnir stóðust uppgefið farg, en málmblandan var of deig. Gátu dregist úr skorðum.

Messing mikkro-hnetur: Stóðust uppgefið farg, gátu sig helst við karabínu. Niðurstaða: Sveiflukennd gæði, lélegt gæðaeftirlit.

Viðbrögð framleiðanda: Betra hráefni og hert gæðaeftirlit.

Tilmæli rannsakanda: Hendið hexum og stopperum framleiddum af Camp fyrir árið 1985.

Chouinard

Framleiddar í USA. Mælt með þeim. **Hexcentric:** Þöldu allar meira en uppgefið farg, auk þess voru gæðin jöfn.

Stopperar: Breytileg gæði, gátu sig rétt undir uppgefnum gildum.

Stál mikkro-hnetur: Gátu sig mjög nálægt uppgefnum gildum, þ.e. rétt undir og ofan við.

Rocks

Wild Country. Mælt með þeim. Reyndust jafnar að gæðum, allar stærðir stóðust uppgefin gildi, nema stærðir 4 og 6. Þær gátu sig rétt undir uppgefnum þyngdum. Verður leiðrétt frá og með 1985.

R.P. Reyndust jafnar að gæðum og stóðust uppgefnar þyngdir. Mælt með þeim.

H.B.-hnetur. Reyndust jafnar að gæðum og þöldu allar meira en uppgefin gildi. Fá meðmæli.

Rannsóknin var gerð með venjulegri karabínu, sem er 10 mm í þvermál, í öllum stærðum hneta. Viðbótar rannsókn á mikkro-hnetum sýndi, að með því að nota karabínu með 12 mm þvermál jókst styrkurinn um 5-10%. Minna þvermál en 10 mm minnkar styrkinn að sama skapi.

Tafla 2 sýnir helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Gildin þrjú, yfir raunverulegan styrk hnetanna, eru valin af handahófi úr sjö prófunum.



Nýjungar sem nýtast í ísklifri

EFTIR ARA T. GUÐMUNDSSON

Eftir góða reynslu af mannbroddum með framtennur, t.d. í fyrstu fönni upp norðurvegg Eigers, var haft á orði að líklega gætu ekki orðið miklar framfarir í ísklifri. Ekki reyndust menn með þá skoðun sérlega sannspáir.

Mikið af betrubótum í ísklifri undanfarin 5–10 ár eru fölgna í lagfæringum á tólunum, nýjum efnum er gera búnaðinn léttari og svo fljóta stundum nýjungar með. Hingað til lands er ekki flutt nema brot af öllu gössinu og þá oft harla tilviljunarkennt að því er virðist. Markaðurinn er vissulega lítil en væntanlega geta klifrarar sjálfir ráðið nokkru þar um með eftirspurn og ábendingum. Margir komast í verslanir erlendis eins og gengur.

Betri karabínur

Léttmálmskarabínur hafa brotstyrk allt að 2900 kp (átak 2900 kg) og vega aðeins 80–90 grömm. Fyrir nokkrum árum komu fram karabínur með snúningslås (twistlock) þannig að ekki þurfti að skrúfa lášólkinn til að tryggja að karabínan opnaðist ekki við ýmsar aðstæður. Núna fást svipuð áhöld með eins konar spennilás sem þarf aðeins að þrýsta aftur þegar karabínan er opnuð en svo smellur hólkurinn fram um leið og sleppt er. Þetta er ögn þægilegra en fyrri aðferð, einkanlega þegar menn bera þykka vettlinga á höndum. Verð á HMS-karabínu (fyrir hinn algenga tryggingarhnút sem kallast stundum ítalskt bragð) í Þýskalandi af ofangreindri gerð er 16–18 mörk.

Skærabroddar

Salewa fyrirtækið hefur látið hanna mjög athyglisverða mannbrodda með smellubindingum. Þeir eru með liðamótum, stillanlegir og næstum réttu horni (90 gráður) milli frambrodda og fremstu ilbrodda. Nýjungin er sú að lykkjan, sem tengijárn milli fram- og afturhluta festist í, er á tveimur örmum. Þegar broddarnir eru spenntir á skó með hælstykkinu klemmist framhluti þeirra fast að brúnum skósólans, rétt eins og skæri sem tekið er á. Ekki þarf að hreyfa neinar skrúfur. Í Þýskalandi kostar svona gripur um 170 mörk.

Snjóvörn

Margir kannast við „foot-fangs“ mannbrodda með plastbotninum. Í síð-

asta ársriti Ísalp voru þeir nefndir gripgeiflur sem er prýðisheiti. Einn kostur þeirra er að plastbotninn minnkar líkur á að blautur snjó festist undir mannbroddana. Nú orðið fást gúmmíplötur með einföldum festingum undir allar gerðir brodda. Verð í Þýskalandi: 25 mörk.


Handvörn

Bláir hnútar eru ekki óþekktir þegar menn koma úr ísklifri og þá helst úr bólstruðum ísfoßum. Það er auðvelt að gleyma sér í hita leiksins. Með lítilli svampgúmmíhlíf sem spennt er á réttan stað á skaft ísaxar eða íshamars eru þessi „knuckle-bummers“ úr sögunni (hlífirnar kostar um 18 mörk í Þýskalandi). Samtímis þessari nýjung liggja nú frammi a.m.k. tvær nýjar tegundir handóla á axir og hamra. Önnur er með breiðum frónskum rennilás þannig að hægt er að loka ólinni þétt um úlnliðina. Er sagt að með þessu móti finni menn síður fyrir líkamsþunganum við átök. Hin tegundin er með tveimur lykkjum, annarri fyrir hendina en hin er löng og er karabína höfð þar í svo smella megi handólinni fastri í klifurbeltið. Þá geta menn hangið betur í tólunum í mjög bröttum ís meðan verið er að koma

tryggingu fyrir. Átakið er meira niður en þegar karabínu er krækt í venjulega stutta handól og hrekkur því tólið síður út.

Ísdjöflarnir

Töluverð framför varð af holfleygunum (snarg) með fingerða skrúfganginum, sem komu fram fyrir fáeinum árum. Þá má reka í ís en nánast skrúfa út aftur með höndunum. Hér hefur aðeins fengist ein tegund merkt Lowe-Camp og er á þeim a.m.k. sá galli að hlutinn sem barið er á er þunnur snagi. Er mönnum bent á að holfleygar, t.d. frá Salewa eða Stubai, eru með gerðarlegum haus og ganga mun betur niður undan höggum en hinir. Holfleygarirnir hafa fengið skæðan keppinaut, Ísdjöflana (Eisteufel á þýsku). Það eru skrúfur með fremur fingerðum skrúfgangi og sex hárbeittum tönnum sem vísa inn og grípa þegar í stað undan handafli. Oft má skrúfa þær inn með höndunum (fer eftir ísnum) og Stubai-útgáfan er með stillanlegu auga, færanlegu upp og niður eftir skrúfbolnum. Svona tól frá Simmond er aftur á móti með föstum haus. Ísdjöflar hafa fengist í verslun í Reykjavík og er verðið u.þ.b. tvöfalt miðað við Þýskaland (60 mörk).



Lög Íslenska Alpaklúbbbsins

Eftirfarandi lagabreytingar (skáletr-
aðar) voru samþykktar á aðalfundi 12.
febrúar 1986

1. grein

Félagið heitir Íslenski Alpaklúbburinn
og er skammstafað ÍSALP. Heimili
þess og varnarþing er í Reykjavík.
Markmið félagsins er að efla áhuga
manna á fjallamennsku.

2. grein

Félagar geta þeir orðið sem náð hafa
16 ára aldri. Atkvæðisbærir og kjör-
gengir eru þeir einir sem greitt hafa árs-
gjald síðast liðins árs en aðalfundur
ákveður upphæð þess.

3. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formað-
ur og fjórir meðstjórnendur og skiptir
hún með sér verkum. Kosning fer fram
á aðalfundi með bundinni kosningu og
einföldum meirihluta atkvæða. Á sama
hátt skal kjósa tvo til vara. Kjörtímabil
formanns er eitt ár en annarra stjórnar-
manna tvö ár og varamanna eitt ár.
Annað árið ganga tveir menn úr stjórn-
inni en hitt árið hinir tveir. Þó skulu
hvorki stjórnarmenn né varamenn sitja

lengur en 4 ár samfelld. Stjórnin heldur
stjórnarfundum eigi sjaldnar en fjórum
sinnum á ári og sem fyrst eftir aðalfund.
Á þeim fundi skal stjórnin kjósa sér til
eins árs ritara og gjaldkera. Stjórnar-
fundur er lögmætur er fjórir stjórnar-
menn eru mættir. Falli atkvæði jöfn á
stjórnarfundum ræður atkvæði formanns.
Stjórnin boðar til félagsfunda eftir
þörfum. Óski minnst 20% félagsmanna
eftir fundi skal stjórnin boða til hans á
sama hátt og til aðalfundar. Stjórnin
getur skipað nefndir svo sem: Ferða-
nefnd, fundanefnd og ritnefnd.

4. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í málum
félagsins og skal halda hann í febrúar
ár hvert. Til hans skal boða með minnst
hálfsmánaðar fyrirvara og telst hann
löglegur ef löglega er boðað til hans. Á
fundinum gilda almenn fundarskáp og
ræður einfaldur meirihluti atkvæða úr-
slitum mála.

Verkefni aðalfundar eru:

- a) skýrsla stjórnar
- b) lagðir fram endurskoðaðir reikning-
ar síðasta árs
- c) lagabreytingar
- d) kjör stjórnar

- e) kjör þriggjamanna uppstillingar-
nefndar og skal kjósa formann
sérstaklega
- f) kjör endurskoðenda
- g) önnur mál

Lagabreytingar sem leggjast skulu fyrir
aðalfund þurfa að hafa borist stjórninni
fyrir 10. janúar. Tillögurnar skal senda
út með fundarboði. Hlutverk uppstill-
inganefndar er að tryggja að framboð
berist í öll þau embætti sem kosið er um
á aðalfundi. Heimilt er eftir sem áður að
stinga upp á mönnum á aðalfundi.

5. grein

Eigi má slíta félaginu nema það sé
samþykkt á tveimur félagsfundum, sem
boðað er til á sama hátt og til aðalfund-
ar, og haldnir eru með minnst mánaðar
millibili enda hafi fundarefnis verið getið
í fundarboði.

Leysist Alpaklúbburinn upp og hætti
starfsemi skulu allar eignir hans lausa-
og fastafjármunir fengnar Ferðafélagi
Íslands til vörslu og umsjónar, þar til
Alpaklúbburinn verður endurvakinn
eða annað félag með sama markmið
stofnað. Skal Ferðafélagið fá hinu nýja
félagi eignirnar í hendur ef það óskar
þess.





Félagsstarfið 1985

UMSJÓN MARGRÉT JÚLÍUSDÓTTIR OG SALBJÖRG ÓSKARSDÓTTIR

Botnssúlur

Í febrúar fóru sex félagar úr Ísalp og Flugbjörgunarveitinni í Reykjavík á tveimur vélsleðum upp í Bratta með dýnum, rúmbotna og fleira.

Vinnuferð 31. ágúst–1. september. Guttormur Þórarinnsson og Sigursteinn Baldursson fóru í Súlnadal og gengu frá leifum af gamla Bratta og unnu í þeim nýja.

Í nóvemberbyrjun var aftur farinn leiðangur í Botnssúlur. Þátttakendur voru 3, auk fararstjórans Guttorms. Farið var í Bratta og dyttað að ýmsu smálegu. Ein dýnan var talsvert nóguð og ljóst að mús hafði lagt sér hana til kjatts. Ekki varð þó vart við kvikindið.

Og hér er ein síðbúin úr Botnssúlunum: Helgina 31. mars–1. apríl 1984 var áætluð vinnuferð í Bratta. Sjö manns mættu og fóru á skíðum upp frá Botnssdal. Þegar til kom var ekkert hægt að vinna í skálanum, því raki og snjór var innan á þiljum. Þrír fóru heim samdægurs en hin gistu. Á sunnudeginum var komið aftakaveður og þegar fjórmenningarnir lögðu í ann um 2-leytið var óstætt á skíðunum og skyggni var aðeins örfáir metrar vegna snjókomu. Snjókomu breyttist í slyddu og svo í rigningu eftir því sem neðar dró og batnaði þá skyggni þó ekki lægði. Um 9-leytið komst hópurinn svo loks að Botnsskála og fékk far í bæinn. Til marks um veðurhaminn má nefna, að lögreglan lokaði fyrir umferð um Hvalfjörðinn þá um daginn, þegar 2 bílar höfðu fokið út af veginum. Ýmslegt lauslegt týndist og urðu tvær dýnur, ísexi og lyklakippa eftir í Súlnadalnum þessa helgi.

Vetrarfjallamennskunarskið

Það var haldið helgina 23.–24. febrúar og að þessu sinni í Innstadal. Þátttakendur voru 9 talsins og umsjón með námskeiðinu höfðu þeir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson.

Árshátíð

Fór fram 22. mars við mikla og góða þátttöku félagsmanna. Margt var til skemmtunar og veitingar fram bornar. Dagskrá lauk áður en sól kom upp.

Skessuhorn

Farið var sunnudaginn 3. mars í ágætisveðri. Þátttakendur voru 11 og fararstjóri var Kristinn Rúnarsson. Sex þátttakenda fóru upp NV-vegginn, en hinir fimm fóru hrygginn.

Hrúttadalur í Esju

Klifurferð, sem farin var 24. mars. Fararstjóri var Bragi Reynisson. Þátttakendur voru 6. Klifrað var Þvergil í Hrúttadal (leið 65 í leiðarvísi Ísalp nr. 20). Ísfossinn var fenntur í kaf og leiðin því frekar auðveld. Gerð var tilraun við leiðina Stynjandi (nr. 66), sem liggur upp ísaða hamra vinstra megin í giliinu. Sú tilraun bar ekki árangur, þar sem efst var fyrir 10 metra slúttandi hengja.

Tindfjallaferðir

Páskaferð. Farið var í Tindfjöll á skírdag og dvaldi í Tindfjallaskála fram á annan dag páska. Þátttakendur voru 7 og fararstjóri var Halldór Guðmundsson. Gengið var á flesta nærliggjandi tinda, á skíðum þegar til þess viðraði.



Oooo-ókidóki. Trulli í villtum djæv. Frá árshátíð. Ljós. Anna Lára Friðriksd.

Veður hélt þó aftur af mönnum fyrstu dagana, en það skánaði þegar á leið.

Vinnuferð, farin um miðjan septem-ber. Guðjón Ó. Magnússon og Anna Skúladóttir fóru upp eftir með kol og þrífu skálann.

Þá var farið í Tindfjöllin helgina 30. nóvember–1. desember. Þau voru 4 í ferðinni og fararstjóri var Anna Lára Friðriksdóttir. Komust þau akandi í góðu færi alveg heim að skálanum og gengu á Haka. Á heimleið hrepptu þau hvassviðri og hálfu.

Klettaklifurnámskeið

Var haldið dagana 1.–2. júní. Á laugardeginum fór fram kennsla í sigi, björgunum og tryggingum í Bláfjöllum. Á sunnudeginum mættu þátttakendur, 3 að tölu, hins vegar í Stardal ásamt leiðbeinanda Péttri Ásbjörnssyni. Þar æfðu menn klettaklifur og almenna notkun klifurbúnaðar.

Sólstöðumótið

Klettaklifurmót, haldið í annað sinn á vegum klúbbsins, nú í Stardalshnúk dagana 21.–23. júní. Um undirbúning sáu Guttormur Þórarinnsson og Pétur Ásbjörnsson. Á föstudeginum var myndasýning á Grensásveginum, en á laugardeginum mættu menn í góðu veðri í Stardal. Deginum var eytt í klifur og síðar sest inn í samkomutjald, sem fengið var að láni frá Hjálparseit skáta. Horft var á franska klettaklifurmynd á myndbandi. Á sunnudeginum tándust menn upp eftir og æfðu klifur eða fengu tilsögn í íþróttinni. Þátttakendur voru um 20 talsins báða dagana.

Hellakönnun

Sunnudaginn 30. júní fóru fjórir félagar úr Ísalp í hellinn Tintron á Lyngdalsheiði. Fóru þeir niður í 11 metra djúpan hellinn með myndbandstæki og tóku myndir. Fararstjóri var Pétur Ásbjörnsson.

Jöklanámskeið

Haldið í Kerlingarfjöllum 12.–14. júlí. Leiðbeinendur voru Magnús Guðmundsson og Torfi Hjaltason. Í ferðina fóru 9 manns, þar af voru 5 þeirra þátttakendur á námskeiðinu. Á laugardeginum var æft í hríðarveðri í gili um km



Þátttakendur á klifurmóti. Úr myndasafni Gutta.

innan við Ásgarðsbyggð. Byrjað var á að kenna göngu í snjó, þá meðferð ísaxar, prússik o.fl. Á sunnudegi var farið í Mænisfönn og æfð sprungubjörgun. Að því búnu var gengið á Mæni og þaðan í Ásgarð og farið heim.

Hrútsfjallstindar

Verslunarmannahelgin, 3.–5. ágúst. Farið var af stað austur á laugardagsmorgninum á 2 bílum. Gengið var upp Svínafellsjökul og tjaldað á grasflöt innundir Hrútsfjalli. Á sunnudeginum var gengið á hæsta Hrútsfjallstindinn og komið til baka á miðnætti. Veður var stillt, en þokuslæðingur annað slagið, á tindinum gekk þó á með eljum. Þátttakendur voru 11 og fararstjóri var Guttormur Þórarinnsson.

Þorgeirsfell (Snæfellsnesi)

Helgarferð dagana 17. og 18. ágúst. Fyrri daginn var farið í skoðunarferð og bergið í Miðhyrnu kannað. Þarna er djúpberg eins og finnst í Eystra- og Vestrahorni. Það reyndist mjög vel. Farið var upp á hyrnuna og skoðað. Á sunnudeginum var lagt upp í góðu veðri og ætluðu sjömenningarnir að klífa hrygg sem gengur úr Miðhyrnu, tveir þeirra komust alla leið upp, hinir fóru langleiðina. Legið var í tjaldi undir Hyrnu. Þátttakendur voru 12 talsins, fararstjóri var Kristinn Rúnarsson.

Rötunarnámskeið

var haldið dagana 15. og 17. október. Annan daginn var æfing fyrir ofan Geitháls í notkun áttavita. Leiðbeinandi var Einar P. Strand og þátttakendur voru 2.

Jólaglögg

var haldið síðasta miðvikudag fyrir jól, þ.e. 18. desember. Að venju var lagaður jólamjóður og drukkinn meðan entist. Framhald var á stólaaleiknum góðkunna og spurningin er: Vinnur Jón bikarinn til eignar í næsta skipti? Komið, sjáið og sannfærist!

MYNDAKVÖLD

Sahara

Í mars sýndi Filippus Pétursson myndir frá Ankúkoladalnum undir Ganesh Himal fjöllum í Nepal og frá Hoggarfjöllum í Saharaeyðimörkinni.

Doug Scott

Doug Scott sýndi hér á þremur myndakvöldum. Hið fyrsta var haldið á Akureyri sunnudaginn 28. apríl. Um 30 manns sóttu sýninguna. Daginn eftir sýndi hann í Reykjavík á Hótel Borg. Þar sýndi hann myndir úr ferðum á K2 og Makalu í Himalaya og fleiri háfjöll. Viku síðar var þessi reyndi Himalayafari enn mættur með sýningarvél sína og fengu áhorfendur nú að sjá kvikmynd frá Baffineyju (milli Grænlands og Norður-Kanada). Ennfremur sýndi hann myndir úr Himalayafærdum sínum. Um 120 manns sóttu hvora sýningu.

Perú

Miðvikudaginn 23. október sýndu þau Anna Lára Friðriksdóttir, Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson, Torfi Hjaltason og Þorsteinn Guðjónsson frá fjallaleiðangri þeirra í Andesfjöll í Perú. Þar var m.a. sýnt frá klífri á Kitaraju (6.040 m), Alpamayo (5.947 m) og hæsta fjall Perú, Huascaran (6.768 m). Sýninguna sóttu yfir 100 manns.

Ísklifurnámskeið

Haldið í Gígjökli dagana 28.–29. september. Hóparnir 3, þar af einn framhaldshópur, æfðu sig í ísklifri þessa helgi undir stjórn þriggja leiðbeinenda, þeirra Torfa Hjaltasonar, Jóns Geirssonar og Snævars Guðmundssonar. Námskeiðið gekk vel, fyrir utan smá óhapp brottfarardaginn, en lækniinn á Hellu bjargaði málunum með lipurð og greiðvikni sinni. Þátttakendur voru 15.

Hengill

Þann 14. desember fóru tveir á skíðum um Hengillssvæðið í góðu skíðafæri. Fararstjóri var Reynir Sigurðsson. son.



Úr Hrútsfjallstindaferð sumarið 1985. Ljós. Guttormur Þórarinnsson.

Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1985

1. Stjórn Ísalp 1985 skipuðu:

Guðjón Ó. Magnússon, formaður, Torfi Hjaltason, varaformaður, Magnús Guðmundsson, ritari, Guttormur Þórarinnsson, gjaldkeri, Jón Geirsson og Hermann Valsson, meðstjórnendur. Tólf stjórnarfundir voru á árinu.

2. Bratti.

Síðastliðinn vetur var skálinn fullklárður. Í febrúar var farið uppeftir með dýnur, kojubotna, borð og gasofn í skálann. Í haust var skálinn málaður að utan, eins og búast má við að þurfi að gera á hverju sumri.

Tindfjallaskáli. Vinnuferð var farin í september, farið var með kol og gas, skálinn hreinsaður og búinn undir veturinn. Í haust brotnaði rúða í austurglugganum, en félagar úr Hjalparsveit Skáta í Hafnarfirði brugðust skjótt við og skiptu um rúðu okkur að kostnaðarlausu og eiga þeir þakkir skildar fyrir.

3. Ferðir.

Almennar ferðir voru 10 með 82 þátttakendum og er það svipað og oftast áður. Vinnuferðir urðu 4, 3 í Botnssúlur og 1 í Tindfjöll. Þátttakendur í vinnuferðunum voru 13.

4. Námskeið.

5 námskeið voru haldin. Vetrarfjallamennskunámskeið var haldið í febrúar, klettaklifurnámskeið í júní, jöklnámskeið í júlí, isklifurnámskeið í september og rötunarnámskeið í nóvember. Þátttakendur voru samtals 36. Það er umhugsunarefni að þátttakendum hefuri fækkað á námskeiðum undanfarin 4 ár.

5. Fundir.

Alpaklúbburinn stóð fyrir 3 sérstaklega auglýstum myndasýningum fyrir almenning á árinu. Í mars sýndi Filippus Pétursson myndir frá Sahara og Nepal. Kringum mánaðamótin apríl-maí hélt Doug Scott 3 myndasýningar, eina á Akureyri og 2 á Hótel Borg í Reykjavík, en þar varð aðsókn góð eða 120 manns á hvorri. Sýningin á Akureyri var fyrsta myndasýning ÍSALP utan Reykjavíkur og verður vonandi áframhald á slíku starfi, þó aðsókn hafi verið dræm í þetta skiptið. Doug Scott dvaldi hér í rúma viku og fór m.a. í ágæta ferð á fjöll á SA-landi með nokkrum félögum klúbbsins. Í nóvember sýndu Anna Lára Friðriksdóttir, Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson, Torfi

Hjaltason og Þorsteinn Guðjónsson myndir úr ferð sinni til Perú síðastliðið sumar. Aðsókn var góð, 120 manns.

6. Húsnæðið.

Opið hús var öll miðvikudagskvöld og var einhver dagskrá skipulögð hvert kvöld yfir vetrarmánuðina. Aðsókn var misjöfn, en algengt var að 10–20 manns mættu. Tæplega 500 manns skráðu sig í gestabókina á árinu. Húsnæðið var einnig notað fyrir undirbúning námskeiða og starf stjórnar og nefnda. Árshátíð var haldin í mars og jólaglögg í desember og tókst hvort tveggja með ágætum. Á árinu áskotnaðist klúbbum sófaborð og einnig voru keyptar nokkrar bækur til bókasafnsins.



Varaformaðurinn stingur nefinu inn. Frá árshátíð. Ljós. Anna Lára.

7. Útgáfa

Helsta nýbreytnin í starfi félagsins var útgáfa ársrits, en 1. tbl. þess kom út í september. Var það 64 bls. að stærð og brotið stærra en á gamla blaðinu. Einnig var kápan litprentuð. Telur stjórnin að allvel hafi til tekist með þetta nýja rit og er fullur vilji til áframhaldandi útgáfu. En til þess að það megi takast þurfa auglýsingatekjur blaðsins að aukast verulega því þetta rit reyndist fjárhag klúbbsins erfitt. Í blaðinu birtist leiðarvísir um Esju og voru prentuð sérstaklega 300 eintök af honum til almennrar sölu. Lítið hefur þó selst ennþá. Ritnefnd ÍSALP sá um útgáfu ársritsins.

Fimm tölublað af fréttabréfi komu út. Í fréttabréfinu birtist áætlun klúbbsins, fréttir og tilkynningar. Formaður klúbbsins ritstýrði fréttabréfinu.

8. Félagatal.

Skráðir félagar nú um áramót voru 285. Þar af höfðu 215 greitt árgjald eða tæplega 75%. Er þetta betra innheimtuhlutfall en undanfarin ár og má þakka það breyttum innheimtuaðferðum. Eins og ársreikningar sýna var nokkurt tap á rekstri klúbbsins á árinu og má fyrst og fremst rekja það til ársritsins eins og áður segir.

9. Önnur mál.

Í haust efndi stjórnin til tveggja funda með nokkrum af virkustu félögum klúbbsins, en tilgangurinn var að safna hugmyndum um bætt félagsstarf og nýjar leiðir í starfinu. Margt gagnlegt kom fram varðandi tilhögun ferða og funda og annað í starfseminni. Meðal tillagna sem hlaut almannan stuðning var gerð kynningarbæklinga um ÍSALP og vinnur Kristinn Rúnarsson að því verki. Niðurstöður þessara funda munu örugglega skila sér í markvissara starfi á næstu mánuðum.

Á síðasta aðalfundi var skipuð 3 manna nefnd til að endurskoða lög klúbbsins. Í henni hafa setið Guttormur Þórarinnsson, Einar Hrafnkell Haraldsson og Ari Trausti Guðmundsson. Skiluðu þeir tillögu að nýjum lögum í árslok.

Félag eins og Alpaklúbburinn byggir líf sitt á því að ávallt sé fyrir hendi hópur áhugasamra félaga sem eru tilbúnir til að starfa fyrir það. Að lokum vill stjórnin því þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn fyrir þeirra framlag.

Stjórn ÍSALP.

Ársreikningar 1984

Gjöld:

Útgáfukostnaður (Ísalp 27. og 28.)	Kr. 43.911,00
Fjölritun, ljósritun	- 2.120,00
Burðargjöld	- 4.804,30
Áskrift - tímarit	- 3.332,60
Húsaleiga, rafmagn og fleira	- 32.712,05
Auglýsingar	- 10.245,00
Gíróseðlar, tölvunúmer	- 3.919,00
Viðhald Tindfjallaskála	- 2.350,00
Bensín í vinnuferðir	- 3.700,00
Stofnkostnaður við Bratta	- 24.794,00
Ýmislegt	- 1.244,82
Tekjur umfram gjöld	- 676,97

Samtals - 133.809,74

Tekjur:

Félagsgjöld:	
1982: 3x200 Kr. 600,00	
1983: 10x350 - 3.500,00	
1984: 155x500 - 77.500,00	Kr. 81.600,00
Auglýsingatekjur (Ísalp 27. og 28.)	- 21.500,00
Tekjur af myndasýningum (16.750 - 4.000)	- 12.570,00
Seld eldri blöð	- 1.320,00
Tekjur af sælgætissölu (7.150 - 4.207,50)	- 2.942,50
Gistigjöld úr Tindfjallaskála	- 3.000,00
Gistigjöld úr Bratta	- 3.600,00
Framlög til skálabyggingar	- 2.500,00
Tekjur af námskeiðum	- 3.300,00
Vaxtatekjur	- 1.477,24
Samtals	- 133.809,74

Eignir:

Ávísanareikningur nr. 1371 í L.Í.	Kr. 11.653,67
Sparisjóðsreikningur í L.Í.	- 50,56
Bratti 1/1 1984 Kr. 69.568,47	
Viðbót á árinu - 24.794,00	- 94.362,47
Sjúkrabörur	- 418,75
Sýningarborð	- 168,00
Sýningartjald	- 373,00
Kommóða	- 148,00
Sófi	- 1.000,00
Bókasafn	- 1.058,14

Samtals - 109.232,59

Skuldir

Höfuðstóll 1/1 1984	Kr. 83.761,62
Hrein eignaaaukning á árinu	- 24.794,00
Tekjur umfram gjöld	- 676,97

Samtals - 109.232,59

Ársreikningar 1985

Gjöld:

Útgáfukostnaður (ársritið)	Kr. 170.342,00
Fjölritun, ljósritun	- 4.074,00
Burðargjöld	- 7.610,00
Ritföng	- 840,00
Áskrift - tímarit	- 2.246,00
Húsaleiga, rafmagn og fleira	- 51.016,50
Auglýsingar	- 11.831,00
Gíróseðlar, tölvunúmer	- 5.663,00
Viðhald Tindfjallaskála	- 4.766,00
Viðhald Bratta	- 8.337,00
Bensín í vinnuferðir	- 1.200,00
Stofnkostnaður við Bratta	- 16.971,00
Kostnaður af námskeiðum	- 987,00
Vaxtakostnaður	- 2.057,00
Ýmislegt	- 477,00

Samtals - 288.417,50

Tekjur:

Félagsgjöld:	
1985: 215x600 Kr. 129.000,00	
Fyrri ár - 11.550,00	Kr. 140.550,00
Auglýsingatekjur	- 64.600,00
Tekjur af myndasýn. (27.650 - 17.250,00)	- 10.400,00
Seld eldri blöð	- 6.700,00
Tekjur af sælgætissölu (8.650 - 5.388,00)	- 3.262,00
Gistigjöld úr Tindfjallaskála	- 10.233,00
Gistigjöld úr Bratta	- 2.788,00
Ýmis framlög	- 14.462,37
Seld gashylki úr Tindfjallaskála	- 5.708,00
Seld merki Ísalp	- 4.830,00
Gjöld umfram tekjur	- 24.884,13

Samtals - 288.417,50

Eignir:

Ávísanareikningur nr. 1371 í L.Í.	Kr. 8.479,05
Gíróreikningur	- 4.353,08
Sparisjóðsreikningur í L.Í.	- 445,97
Bratti 1/1 1984 Kr. 94.362,47	
Viðbót á árinu - 16.971,00	- 111.333,47
Sjúkrabörur	- 418,75
Sýningarborð	- 168,00
Sýningartjald	- 373,00
Kommóða	- 148,00
Sófi	- 1.000,00
Bókasafn	- 4.600,14

Samtals - 131.319,46

Skuldir

Vtíll í L.Í. (vegna útgáfu)	Kr. 30.000,00
Höfuðstóll 1/1 1985	- 109.232,59
Hrein eignaaaukning á árinu	- 16.971,00
Gjöld umfram tekjur	- 24.884,13

Samtals - 131.319,46

Reikningarnir hafa verið endurskoðaðir og sé ég enga ástæðu til athugasemda.

Reykjavík, 12/2 1986

Gunnar Hjartarson

CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN

CARAVAN

bregst ekki þegar mest á reynir · bregst ekki þegar mest á reynir · bregst ekki þegar mest á reynir

útilegubúnaður: svefnpokar — bakpokar  tjöld 



Í GLÍMU VIÐ ÓBYGGDIR ÍSLANDS OG ÓBLÍTT VEDURFAR ER GÓÐUR
BÚNAÐUR ÓMISSANDI. ÞÁ ER CARAVAN HINN RÉTTI VALKOSTUR.

UMBOD:

SOLUSTADIR:



VERSLUNARDEILD

Ferðavörur — Holtagörðum — Sími 81286

Kaupfélög og sportvöruverslanir
um land allt.

CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN · CARAVAN

Þú átt erindi til Hamborgar



Hamborg er stærsta borg í Vestur-Þýskalandi og hefur allt frá dögum Hansa-kaupmanna verið ein helsta **verslunarmiðstöð** landsins. En hún er líka einstaklega skemmtileg heim að sækja fyrir ferðamenn. Hamborg er oft kölluð borgin græna, því **skemmtigarðar** eru þar fleiri og stærri en í öðrum borgum og laða til sín þúsundir gesta á góðum dögum.

Eiginlega má segja að lífið í borginni færist út á götur, torg og garða á sumrin, því þá lifur varla svo dagur að ekki sé einhvers konar **uppá-koma** einhvers staðar.

Tónlistarunnendur geta til dæmis hlýtt á Níundu sinfóníu Beethovens á Ráðhústorginu eða þá fræga **rokkhljómsveit** í einhverjum skemmtigarðanna.

Afkomendur víkinga vilja kannski ýta úr vör. Það er hægt á Alster-vatni, sem er í miðri borginni. Um það sigla **bátar** með ferðamenn, en það

er líka hægt að fá leigða farkosti fyrir þá sem sjálfir vilja vera skipstjórar.

Skemmtanalífið í Hamborg er svo kapituli út af fyrir sig. St. Pauli er líklega eitt frægasta lastabæli í heiminum, en það er líka fleira í boði. Í borginni eru fjölmargir bjórkjallarar þar sem menn skemmta sér á bavaríska vísu, með söng

og dansi. Þar er líka nóg af diskótekum og næturklúbbum fyrir þá sem vilja.

Það getur verið talsverður vandi að fara út að **borða** í Hamborg því þar er um að velja eina 800 matstaði frá 40 þjóðlöndum. Í grennd við Hamborg eru líka margir staðir sem gaman er að heimsækja, svo sem gamlir **kastalar** og lítil sveitaborg.

Þaðan er líka stutt til annarra skemmtilegra borga eins og t.d. Berlínar og Kaupmannahafnar. Það verður enginn svikinn af heimsókn til Hamborgar.



ARNARFLUG

Lágmúla 7, sími 84477



SKÁTABÚÐIN
Snorrabraut 60 tel: 12045